**Viðauki 11**

# Ingibjörg Sólrún Gísladóttir
## utanríkisráðherra

2.1. Bréf frá rannsóknarnefnd Alþingis – sent 8. febrúar 2010

2.2. Bréf vegna framlengingar á fresti til andmæla – sent 17. febrúar 2010

2.3. Svarbréf frá Sólrúnu Gísladóttur til rannsóknarnefndar Alþingis – móttekið 24. febrúar 2010

Reykjavík 2010

Reykjavík, 8. febrúar 2010.

Fr. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir



I.

Með lögum nr. 142/2008, um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða, var komið á fót sérstakri rannsóknarnefnd til þess að leita sannleikans um aðdraganda og orsök falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða. Nefndinni var einnig falið að leggja mat á hvort um mistök eða vanrækslu hefði verið að ræða við framkvæmd laga og reglna um fjármálastarfsemi á Íslandi og eftirlit með henni, og loks hverjir kynnu að bera ábyrgð á því, sbr. 1. mgr. 1. gr. fyrrnefndra laga.

Samkvæmt 13. gr. sömu laga skal nefndin gera þeim, sem ætla má að orðið hafi á mistök eða orðið hafi uppvísir að vanrækslu í starfi, skriflega grein fyrir afstöðu sinni til atriða sem varða þátt þeirra í málinu og nefndin íhugar að fjalla um í skýrslu sinni til Alþingis.

Af ofangreindu tilefni og með vísan til 1. mgr. 1. gr. og 13. gr. laga nr. 142/2008 er yður hér með veittur kostur á að koma að viðhorfum yðar til þeirra atriða sem tilgreind eru í III. kafla bréfsins.

II.

Eins og áður segir skal rannsóknarnefnd Alþingis leggja mat á hvort um mistök eða vanrækslu hafi verið að ræða við framkvæmd laga og reglna um fjármálastarfsemi á Íslandi og eftirlit með henni, sbr. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 142/2008. Í athugasemdum með 1. gr. frumvarps þess er varð að lögum nr. 142/2008 er tekið fram að hér sé athyglinni fyrst og fremst beint að stofnunum ríkisins og ráðuneytum sem starfa á þessum sviðum.[1] Þá er tekið fram að með mistökum og vanrækslu sé ekki aðeins vísað til þess þegar tilteknar athafnir fullnægi ekki lagakröfum eða þegar vanrækt sé að fylgja lagaboði. Fleira geti fallið þar undir svo sem að fyrirliggjandi upplýsingar hafi ekki verið metnar með réttum hætti og ákvarðanir teknar á ófullnægjandi forsendum. Þá geti það talist vanræksla að láta hjá líða að bregðast við upplýsingum um yfirvofandi hættu á viðeigandi hátt.[2]

Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 142/2008 skal rannsóknarnefnd Alþingis einnig leggja mat á hverjir beri að hennar mati ábyrgð á mögulegum mistökum og hverjir kunni að

[1] Alþt. 2008-2009, A-deild, bls. 1076.
[2] Alþt. 2008-2009, A-deild, bls. 1076.



Skeifunni 19 · 108 Reykjavík · Pósthólf 8125 · 128 Reykjavík
Sími +354 578 9050 · Fax +354 578 9051 · Netfang postur@rannsoknarnefnd.is · www.rannsoknarnefnd.is

hafa sýnt af sér vanrækslu í starfi við framkvæmd laga og reglna um fjármálamarkaðinn og eftirlit með honum og þá innan þess ramma sem starfi rannsóknarnefndarinnar er markaður í lögum. Í athugasemdum með 1. gr. frumvarps þess er varð að lögum nr. 142/2008 er tekið fram að með þessu færist sjónarhorn rannsóknarinnar að einstaklingum og þætti þeirra í töku einstakra ákvarðana. Spurt sé hver hafi tekið tilteknar ákvarðanir eða hver hafi átt að bregðast við upplýsingum sem lágu fyrir. Þessum spurningum þurfi bæði að svara út frá því hvað gerðist í raun svo og út frá reglum um valdbærni.[1] Eins og áður sagði skal rannsóknarnefndin samkvæmt 13. gr. laga nr. 142/2008 gefa þeim einstaklingum sem ætla má að orðið hafi á mistök eða hafi orðið uppvísir að vanrækslu í starfi, í framangreindum skilningi, skriflega grein fyrir afstöðu sinni og skal nefndin veita viðkomandi hæfilegan frest til að gera skriflega athugasemd við þessi atriði. Þetta ákvæði á einvörðungu við um þá einstaklinga sem nefndin telur að kunni að bera ábyrgð á svo alvarlegum athöfnum eða athafnaleysi að hún telur rétt að heimfæra það undir „mistök eða vanrækslu" í skilningi 1. gr. laganna eins og skýra ber hana með hliðsjón af framangreindum lögskýringarsjónarmiðum. Í skýrslu nefndarinnar kann því að verða fjallað um fleiri atriði vegna starfa yðar sem ráðherra í ríkisstjórn Íslands og nefndin telur aðfinnsluverð þótt nefndin telji þau ekki falla undir hugtökin „mistök eða vanrækslu" í framangreindri merkingu laganna. Nefndin tekur fram að við mat á því hvaða atriði, athafnir eða athagnaleysi, í störfum yðar kunni að falla undir „mistök eða vanrækslu" í framangreindum skilningi, og yður er hér gefinn kostur á að senda nefndinni athugasemdir um, hefur nefndin sérstaklega horft til hvað telja megi að hafi öðru fremur haft þýðingu í aðdraganda og um orsakir að falli bankanna og afleiðingar.

Þau atriði sem yður er hér með veitt tækifæri til að koma skriflegum athugasemdum eru eftirfarandi en nefndin hefur jafnframt rætt mörg af þessum atriðum við yður við skýrslutöku.

III.

1.

Fyrir rannsóknarnefnd Alþingis hefur verið upplýst að Davíð Oddsson hafi að morgni 7. febrúar 2008 rætt við forsætisráðherra. Hann var þá nýkominn frá London. Í framhaldi af samtalinu var ákveðið að bankastjórn Seðlabanka Íslands fundaði með yður, Geir H. Haarde forsætisráðherra og Árna M. Mathiesen fjármálaráðherra síðar um daginn. Auk þeirra voru viðstaddir á fundinum Bolli Þór Bollason og Tryggvi Pálsson.

Í skýrslu Davíðs Oddssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis kom fram að eftir fundinn í London hefði hann handskrifað minnisblað. Síðan sagði Davíð, en tekið er fram að sleppt er atriðum sem hafa ekki beina efnislega þýðingu hér: „Okkur lá svo á að koma þessu til ríkisstjórnarinnar, því að mér var náttúrlega mjög brugðið, að hún var ennþá í handriti, í mínu handriti, sem ég las upp, [...]. En auðvitað hafði ég borið það undir minn samferðamann og hann var sammála því þó að hann hefði líka gert punkta sem voru svona

[1] Alþt. 2008-2009, A-deild, bls. 1076.

kannski með aðrar áherslur." Við skýrslutöku rannsóknarnefndar yfir Davíð var sérstaklega rætt um viðbrögð þeirra ráðherra sem staddir voru á framangreindum fundi með bankastjórn Seðlabankans. Um þetta sagði hann: „Ég get bara sagt það að þegar við komum út af þessum fundi þá sagði ég svona í minn hóp: Ef þetta hreyfir ekki við þessu fólki þá er ekkert sem gerir það. Og ég sagði, og ég heyrði það á umræðunum að þetta fólk er loksins búið að sjá ljósið. Svo fengum við engin viðbrögð." Davíð sagðist hafa haft að fyrra bragði samband við forsætisráðherra og innt hann eftir því hvað ráðherrar ætluðu sér að gera. Síðan segir orðrétt í skýrslu Davíðs: „Og þá sagði hann: Við erum búnir að kalla til bankastjórana og þeir segja að þetta sé ekki rétt, þetta sé allt í lagi. [...] Og einhvern vegin fannst manni... bíddu, hvað getur maður meira gert. [...] Maður skilur þetta svo sem en það er þannig að ef þú trúir okkur hérna í Seðlabankanum, okkar mati, þá þarf eitthvað mikið að gerast. Ef þú trúir þessum þremur bankastjórum þá þarftu ekkert að gera. Og auðvitað er það létta leiðin sem menn velja." Davíð bætti því við að ráðherrarnir hefðu ekki einu sinni talið tilefni til þess að ræða þessi alvarlegu tíðindi við viðskiptaráðherra. Davíð var þá spurður að því hvort ekki hefði komið til greina af hálfu Seðlabanka Íslands að afhenda ráðherrunum skriflega skýrslu fyrst ástandið var talið svona alvarlegt. Davíð svaraði: „Það hefði þá þjónað þeim tilgangi að sanna málstað okkar eftir á, en menn voru aðallega að hugsa um hvernig menn mundu bregðast við, en ekki hvort menn mundu passa á sér rassinn upp á síðari tíma. Það hefði auðvitað verið betra ef menn hefðu gert það en við vorum búnir að koma öllu þessu á framfæri."

Tryggvi Pálsson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Seðlabankans, tók niður fundarpunkta á meðan hann sat fundinn 7. febrúar 2008. Í skýrslu hjá rannsóknarnefnd Alþingis vék hann að viðbrögðum ráðherra eftir að bankastjórn Seðlabanka Íslands hafði gert þeim grein fyrir efni minnisblaðs Davíðs. Aðspurður um hvort Seðlabankinn hefði komið með tillögur um aðgerðir svaraði Tryggvi: „Þarna hefði maður frekar búist við því að ráðherrar sem fá svona fréttir myndu láta stjórnkerfið undirbúa aðgerðir í samræmi við alvarleika þeirra frétta sem voru að koma."

Á umræddum tíma voruð þér utanríksiráðherra og tókuð þátt í umræðum á framangreindum fundi með fjármálaráðherra og forsætsiráðherra um ástandið og möguleg viðbrögð. Ekki verður séð að málið hafi verið tekið frekar til afgreiðslu á fundum ráðherra eða ríkisstjórnar.

Af ofangreindu tilefni er yður hér með veitt færi á að koma að sjónarmiðum yðar um það af hverju þér sáuð hvorki ástæðu til þess, með því að óska beint eftir því eða með því að taka málið upp á vettvangi ríkisstjórnar og gagnvart hlutaðeigandi ráðherrum, að láta stjórnkerfið staðreyna upplýsingarnar né undirbúa aðgerðir í ljósi þess hve alvarlegum upplýsingum stjórn Seðlabanka Íslands hafði komið á framfæri. Hér verður ekki fram hjá því litið að þér voruð oddviti annars stjórnarflokksins og gátuð sem ráðherra tekið upp þetta miklvæga málefni á fundi ríkisstjórnar, sbr. 17. gr. stjórnarskrárinnar og 1. mgr. 2. gr. laga nr. 73/1969 um Stjórnarráð Íslands, og ekki síst gagnvart viðskiptaráðherra sem fór með mál sem vörðuðu fjármálamarkaði skv. 2. tölul. 13. gr. reglugerðar nr. 177/2007 um Stjórnarráð Íslands. Rannsóknarnefnd hefur það til athugunar hvort það verði talið yður til vanrækslu í

þeirri merkingu sem lýst er í II. kafla hér að framan að láta hjá líða að bregðast við fram komnum upplýsingum um yfirvofandi hættu á viðeigandi hátt t.d. eins og áður sagði með því að taka málið upp á ríkisstjórnarfundi eða beint upp við þá ráðherra sem viðkomandi málefni heyrði undir að íslenskum stjórnlögum.

Í þessu sambandi skal þess getið að til viðbótar við fyrrnefndan fund 7. febrúar og fund 1. apríl 2008 sem fjallað er um undir lið III.2. hér á eftir áttuð þér fundi ásamt fjármálaráðherra með bankastjórn Seðlabanka Íslands 16. apríl 2008. Hinn 7. maí 2008 hélduð þér síðan fund ásamt forsætisráðherra og fjármálaráðherra með bankastjórn Seðlabanka Íslands og aftur 15. maí og 8. júlí 2008. Ekki er að sjá að þessir fundir hafi heldur af yðar hálfu verið taldir gefa tilefni til þess að gera ráðstafanir af því tagi sem vísað var til hér að framan þannig að þær upplýsingar sem þá voru komnar fram væru staðreyndar innan stjórnkerfisins né að koma málum í þann farveg að undirbúnar væru aðgerðir.

2.

Upplýst hefur verið að bankastjórn Seðlabankans hafi fundað með yður og Geir H. Haarde, forsætisráðherra, 1. apríl 2008. Í minnisblaði yðar frá fundinum segir að Davíð Oddsson, formaður bankastjórnar Seðlabankans, hafi haft orð fyrir bankastjórn Seðlabankans. Davíð hafi nefnt að 193 milljónir sterlingspunda hefðu runnið út af Icesave reikningum um helgina og fram til þessa dags. Fram kemur að Davíð hafi sagt að Landsbankinn gæti þolað slíkt útstreymi í um sex daga. Einnig segir að fram hafi komið í máli Davíðs að breska fjármálaeftirlitið vildi að Landsbankinn færði Icesave reikningana yfir í breskt dótturfélag.

Í tilefni af þessum upplýsingum er ekki að sjá að þér hafið gripið til sérstakra ráðstafana til að samhæfa aðgerðir á vettvangi utanríkisþjónustunnar og annarra stjórnvalda og gera þær markvissari í ljósi þeirrar hættu sem lýst var. Þá verður heldur ekki séð að neinar ráðstafanir hafi verið gerðar af hálfu utanríkisþjónustunnar til að undirbúa viðbrögð eða virkja tengsl við erlend stjórnvöld ef t.d. yrði um að ræða áframhaldandi áhlaup á Icesave reikninga Landsbankans í Bretlandi.

Af ofangreindu tilefni hefur rannsóknarnefnd Alþingis það til athugunar hvort skort hafi á að þér, sem utanríkisráðherra, hafið beitt yður í krafti embættis yðar til að skipuleggja og samhæfa aðgerðir utanríkisþjónustunnar við aðra þætti stjórnsýslunnar og gæta hagsmuna ríkisins erlendis m.t.t. aðsteðjandi eða fyrirsjáanlegra ógna gegn hagsmunum ríkisins, meðal annars í samskiptum við erlenda ráðamenn.

Í þessu sambandi er rétt að taka fram að rannsóknarnefnd Alþingis er kunnugt um að hinn 22. febrúar 2008 stóð utanríkisráðuneytið fyrir ráðstefnu undir heitinu „Umfjöllun um íslenska fjármálageirann - hlutverk utanríkisþjónustunnar“. Þar fluttuð þér ávarp sem nefndist „Allir á árarnar“. Í því gerðuð þér að umtalsefni orðsporsáhættu íslenska bankakerfisins. Í skýrslu yðar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis kom m.a. fram að rætt hefði verið um: „ [...] hvernig við gætum – ja, kannski stutt við íslenska bankakerfið með því að koma á framfæri upplýsingum sem við töldum góðar og réttar um bankakerfið, að það stæði tiltölulega traustum fótum, það hefði ekki tekið þátt í þessum „sub-prime lánum“,

eiginfjárstaðan væri góð o.s.frv. Það var kannski þetta sem var verið að koma á framfæri við okkar fulltrúa erlendis."[2]

3.

Á árinu 2008 komu fram bæði í fjölmiðlum og á erlendum vettvangi yfirlýsingar yðar meðan þér voruð utanríkisráðherra um að staðið yrði við bakið á bönkunum og þá af hálfu íslenska ríkisins. Ekki er að sjá að þar hafi af yðar hálfu verið vísað til útreikninga eða mats á getu íslenska ríkisins til mæta slíku ef á reyndi. Við rannsókn nefndarinnar hefur verið upplýst í svörum forsætisráðuneytis, fjármálaráðuneytis og viðskiptaráðuneytis við fyrirspurnum rannsóknarnefndar Alþingis að þessi ráðuneyti gerðu á árunum 2007 og 2008 og fram að falli bankanna engar úttektir eða mátu með öðrum formlegum hætti hugsanlega fjárhagslega áhættu íslenska ríkisins og ríkissjóðs vegna starfsemi íslensku fjármálafyrirtækjanna hér á landi og erlendis, eða einstakra þátta í starfsemi þeirra. Þá verður heldur ekki séð að þér sem ráðherra hafið látið gera slíka úttekt eða mat á því hver gæti orðið kostnaður íslenska ríkisins við að standa við bakið á bönkunum. Verður þannig ekki séð að yfirlýsingar yðar um að staðið yrði við bakið á bönkunum hafi verið byggðar á útreikningum sem leitt gætu í ljós að ríkið hefði bolmagn til þess. Með sama hætti verður ekki séð að fyrir hafi legið hversu bær ríkissjóður væri til að styðja fjárhagslega við bak fjármálafyrirtækja landsins, einu eða fleiri áður en tekin var afstaða til þess hvaða yfirlýsingar væri skynsamlegt og réttmætt að gefa opinberlega bæði hér heima og erlendis.

Samkvæmt framansögðu hefur rannsóknarnefnd Alþingis það til athugunar hvort meta beri yður það til vanrækslu í þeirri merkingu sem lýst er í kafla II. hér að framan að hafa ekki gengið úr skugga um eða látið sjálf leggja mat á það hver geta ríkissjóðs væri til að styðja fjárhagslega við bak fjármálafyrirtækja landsins, einu eða fleiri áður en þér létuð uppi yfirlýsingar, sem utanríkisráðherra í ríkisstjórn Íslands, um að staðið yrði við bakið á bönkunum. Þannig hafi skort fullnægjandi grundvöll til að taka afstöðu til þess hvaða yfirlýsingar væri skynsamlegt og réttmætt að gefa opinberlega, bæði hér heima og erlendis, um stuðning ríkisins við íslensku bankana.

V.

Með vísan til 2. málsl. 13. gr. laga nr. 142/2008 er yður hér með veittur kostur á að koma að viðhorfum yðar til framangreindra atriða. Þess er óskað að svör yðar berist fyrir kl. 16.00 hinn 19. febrúar 2010 til skrifstofu nefndarinnar að Skeifunni 19 í Reykjavík. Að öðrum kosti verður ekki hægt að taka tillit til þeirra við vinnslu á skýrslu nefndarinnar. Þess er óskað að svörin berist einnig á tölvutæku formi, t.d. USB lykli eða á geisladiski. Ef þér teljið yður þurfa að fá aðgang að skjalasafni utanríkisráðuneytisins til þess að koma að viðhorfum yðar er þess óskað að þér látið rannsóknarnefndina vita sem fyrst svo greiða megi götu yðar í því efni.

---

[2] Skýrsla Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 17. júlí 2009, bls. 6.

Rannsóknarnefnd Alþingis

Virðingarfyllst,

fyrir hönd rannsóknarnefndar Alþingis,

Páll Hreinsson



Skeifunni 19 · 108 Reykjavík · Pósthólf 8125 · 128 Reykjavík
Sími +354 578 9050 · Fax +354 578 9051 · Netfang postur@rannsoknarnefnd.is · www.rannsoknarnefnd.is

Rannsóknarnefnd Alþingis

Reykjavík, 17. febrúar 2010.

Fr. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir

Vísað er til bréfs rannsóknarnefndar Alþingis til yðar frá 8. febrúar 2010 þar sem yður var veitt tækifæri til að koma athugasemdum yðar á framfæri við nefndina á grundvelli 13. gr. laga nr. 142/2008 um afmörkuð atriði.

Þar sem hluti þeirra, sem veitt var færi á að koma að slíkum athugasemdum, hefur óskað eftir lengri fresti til þess að koma þeim á framfæri, hefur rannsóknarnefndin ákveðið að framlengja umræddan frest til miðvikudagins 24. febrúar nk..

Með vísan til 2. málsl. 13. gr. laga nr. 142/2008 er yður hér með veittur frestur til þess að koma viðhorfum yðar á framfæri við nefndina og er óskað að svör yðar berist fyrir kl. 17.00 hinn 24. febrúar 2010 til skrifstofu nefndarinnar að Skeifunni 19 í Reykjavík. Að öðrum kosti verður ekki hægt að taka tillit til þeirra við vinnslu á skýrslu nefndarinnar. Þess er óskað sem fyrr að svörin berist einnig á tölvutæku formi, t.d. USB lykli eða á geisladiski.

Virðingarfyllst,
fyrir hönd rannsóknarnefndar Alþingis,

Páll Hreinsson.

Skeifunni 19 · 108 Reykjavík · Pósthólf 8125 · 128 Reykjavík
Sími +354 578 9050 · Fax +354 578 9051 · Netfang postur@rannsoknarnefnd.is · www.rannsoknarnefnd.is

Rannsóknarnefnd Alþingis
b.t. Páls Hreinssonar formanns
Skeifunni 19,
108 Reykjavík

Reykjavík 24. febrúar 2010

***Efni: Athugasemdir við bréf rannsóknarnefndar til Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur frá 8. febrúar 2010***

Í bréfi rannsóknarnefndar Alþingis er mér gefinn kostur á að koma fram sjónarmiðum varðandi þrjú tiltekin atriði sem fjallað er um í bréfi nefndarinnar í kafla III.1, 2 og 3. Fyrstu tvö atriðin lúta að viðbrögðum mínum við tilteknum fundum með stjórn Seðlabankans á árinu 2008 en þriðja atriðið varðar yfirlýsingar mínar um að stjórnvöld myndu standa við bakið á bönkunum. Hér á eftir eru rakin almenn sjónarmið vegna málsins sem og athugasemdir við ofangreind atriði. Áður en lengra er haldið er þó gerð sú athugasemd við málsmeðferð nefndarinnar að tvö af þeim þremur atriðum sem nefndin kýs að taka upp í bréfi sínu voru ekki rædd sérstaklega við skýrslutöku hjá nefndinni, þó atriði þeim tengd kunni að hafa verið rædd.

Í samræmi við 13. gr. laga nr. 142/2008 felur bréf nefndarinnar í sér að telja megi af þeim gögnum sem liggja fyrir að mér hafi orðið á mistök eða gert mig seka um vanrækslu í starfi. Hvorugt tel ég rétt, sem ég geri ítarlega grein fyrir í athugasemdum mínum í bréfi þessu. Þvert á móti tel ég mig hafa gripið til eðlilegra aðgerða og ráðstafana, oft umfram skyldu og utan verksviðs, í því skyni að leitast við að verjast og leita lausna á þeirri stöðu sem upp var komin og leiddi síðar til falls íslensku bankanna.

## I.
## *Almenn sjónarmið*

### Ábyrgð og verkaskipting

Nefndinni er ugglaust kunnugt að starfsævi minni hef ég að verulegu leyti varið innan stjórnsýslunnar, í sveitarstjórn sem í landsmálum. Af því tel ég mig hafa öðlast góða þekkingu á stjórnsýslu og reglum sem um hana gilda. Mér er því ljóst mikilvægi stjórnfestu og nauðsyn þess að ábyrgð sé vel skilgreind og verkaskipting skýr. Þannig er að jafnaði best tryggt að verkefnum sé sinnt með skilvirkum hætti, komið í veg fyrir að hver vísi á annan, að verk séu tvíunnin að óþörfu og að einstakir ráðamenn seilist inn á valdsvið annarra. Eiga þessi sjónarmið ekki síst við, og kannski einna helst, á umbrotatímum eða við ástand þar sem taka þarf skjótar ákvarðanir.

Ég hef ævinlega lagt mikla áherslu á að verkaskipting sé skýr, brýnt fyrir starfsmönnum að virða þær formreglur og valdmörk sem í gildi eru og sjálf leitast við að hafa þetta í heiðri. Ég á bágt með að sjá að nefndin geti komist að niðurstöðu um ábyrgð einstakra ráðamanna án þess að skilgreina hlutverk hvers og eins fyrst með skýrum hætti. Til þess hlýtur að verða að fara yfir hvernig hlutverkum og ábyrgð var á þessum tíma skipt innan íslenska stjórnkerfisins og eftir hvaða skipulagi var unnið. Ég vil því verja fyrsta hluta þessara andmæla minna í að gera grein fyrir þessum atriðum, áður en veitt verða andsvör við þeim atriðum sem nefndin tilgreinir sérstaklega.

### Verkaskipting innan Stjórnarráðs Íslands

Samkvæmt 8. gr. laga um Stjórnarráð Íslands falla stjórnarmálefni undir ráðuneyti samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 177/2007 um Stjórnarráð Íslands. Eins og reglugerðin var á þessum tíma

var kveðið á um að forsætisráðuneyti færi m.a. með mál er varða ríkisstjórn og Stjórnarráð Íslands í heild, hagstjórn almennt, Seðlabanka Íslands og Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Samkvæmt sömu reglugerð var það hlutverk fjármálaráðuneytis að annast fjármál ríkisins og meta þróun og horfur í efnahagsmálum. Þá fór viðskiptaráðuneyti með ábyrgð á málum er varða fjármálamarkað og gjaldeyri. Samkvæmt reglugerðinni var utanríkisráðuneytinu ekki falið að annast nein málefni á sviði fjármála eða bankamála sem tengjast því sem að ofan er talið.

## Hlutverk Seðlabanka Íslands

Í ljósi bréfs nefndarinnar er ástæða til að víkja sérstaklega að hlutverki Seðlabanka Íslands í þessu sambandi. Samkvæmt lögum um Seðlabanka Íslands gegnir hann lykilhlutverki á íslenskum fjármálamarkaði. Hann tekur við innlánum frá innlánsstofnunum, setur reglur um þau viðskipti, lánar innlánsstofnunum og metur tryggingar þeirra. Telji Seðlabankinn þess þörf, til að varðveita traust á fjármálakerfi landsins, getur hann veitt lánastofnunum í lausafjárvanda ábyrgðir eða önnur lán gegn skilyrðum sem hann setur. Seðlabankanum er jafnframt heimilt að ákveða að lánastofnanir skuli eiga fé á bundnum reikningi í bankanum samkvæmt nánari reglum sem bankinn setur. Þá er Seðlabanka heimilt að setja lánastofnunum reglur um gjaldeyrisjöfnuð.

Í bankastjórnarsamþykkt nr. 1119 frá 27. nóvember 2006, undirritaðri af þáverandi stjórn Seðlabankans, er fjallað um viðfangsefni Seðlabanka Íslands á sviði fjármálastöðugleika. Þar er skilgreindur sá lagagrundvöllur sem viðfangsefni Seðlabankans hvíla á, þau meginsjónarmið sem byggt er á og helstu viðfangsefni bankans á þessu sviði. Í samþykktinni segir að bankinn sinni eftirliti með fjármálastöðugleika með setningu reglna um lágmark eða hámark eða meðaltal lauss fjár lánastofnana og reglna um gjaldeyrisjöfnuð lánastofnana og eftirliti með því að þeim sé fylgt, með setningu reglna um starfsemi greiðslu- og uppgjörskerfa og með kerfislegu eftirliti með þeim, og með því að beita sér fyrir breytingum á reglum og lagalegri umgjörð um starfsemi fjármálafyrirtækja og viðskipti á markaði eftir því sem hann telur tilefni til. Samkvæmt samþykktinni skal bankinn sinna greiningu og kynningu með markvissum, gegnsæjum og trúverðugum hætti og koma ábendingum sínum um úrbætur og breytingar skýrt á framfæri og fylgja þeim eftir. Viðlagamálum skal bankinn sinna með nauðsynlegum viðbúnaði til þess að fyrirbyggja og/eða bregðast við lausafjárvanda sem felur í sér kerfisáhættu og með reglulegum viðlagaæfingum í samstarfi við Fjármálaeftirlitið og önnur stjórnvöld eftir atvikum.

Þau stjórnvöld sem hafa hlutverki að gegna á þessu sviði eru skilgreind í samkomulagi, dags. 21. febrúar 2006, milli forsætisráðuneytisins, fjármálaráðuneytisins, viðskiptaráðuneytisins, Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands um samráð varðandi fjármálastöðugleika og viðbúnað.

Í samkomulaginu frá 21. febrúar 2006 segir að tilgangur þess sé *„að formbinda samráð aðila á þessu sviði. Með því er leitast við að skerpa hlutverkaskiptingu, hindra tvíverknað og auka gegnsæi. Samkomulagið takmarkar ekki svigrúm hvers um sig til sjálfstæðra ákvarðana um aðgerðir út frá hlutverki og ábyrgð sinni.“* Auk þess segir: *„Góð almenn umgjörð í lögum, reglum og eftirliti með starfsemi fjármálafyrirtækja og markaða er grundvallarforsenda fjármálastöðugleika og traust og skilvirkt fjármálakerfi er mikilvæg forsenda fyrir vexti og velferð þjóðarbúsins. Aðilar samkomulagsins stuðla saman að því að þessar forsendur séu til staðar á grundvelli lögbundinna hlutverka og verkefna sinna. Þá leitast þeir við að samhæfa viðbrögð sín við hugsanlegu fjármálaáfalli.“* Í samkomulaginu kemur fram að samráðshópurinn fjalli m.a. um stöðu og horfur á fjármálamörkuðum og að hann skuli kallaður saman um leið og forstjóri Fjármálaeftirlitsins og/eða bankastjórn Seðlabankans leggja til að svo verði gert vegna atvika sem varða stöðu fjármálafyrirtækja eða markaða. Um viðbúnað og verklag segir: *„Samráðshópurinn er vettvangur upplýsinga- og skoðanaskipta. Hann er ráðgefandi og tekur ekki ákvarðanir um aðgerðir. Samráðshópurinn útbýr og heldur við lista yfir helstu tengiliði. Hann getur staðið að og tekur þátt í viðlagaæfingum eins og þeim sem hafa farið fram í samvinnu Fjármálaeftirlitsins og*

*Seðlabanka Íslands. Skapist þær aðstæður að fjármálakerfinu sé talin hætta búin vegna áfalls í fjármálafyrirtæki eða á markaði skal efnt til umfjöllunar í samráðshópnum án tafar.*“

Hlutverk Seðlabankans varðandi gengismál, gjaldeyrismarkað og erlend viðskipti er skilgreint í seðlabankalögum. Samkvæmt þeim ber bankanum m.a. að setja reglur um starfsemi skipulegra gjaldeyrismarkaða eftir því sem kveðið er á um í lögum um gjaldeyrismál. Hann varðveitir gjaldeyrisvarasjóð í samræmi við markmið og hlutverk bankans og honum er heimilt að taka lán til að efla gjaldeyrisvarasjóðinn. Honum er jafnframt heimilt að taka þátt í samstarfi erlendra seðlabanka og alþjóðlegra banka- eða fjármálastofnana um lánveitingar til að efla gjaldeyrisvarasjóð þátttakenda. Seðlabankinn skal vera ríkisstjórn til ráðuneytis um allt sem varðar gjaldeyrismál, þar á meðal erlendar lántökur, og taka að sér framkvæmd í þeim efnum eftir því sem um verður samið. Þá fer Seðlabankinn með fjárhagsleg tengsl við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn fyrir hönd ríkisins.

Seðlabankinn er sjálfstæð stofnun í eigu íslenska ríkisins en yfirstjórn hans var á þessum tíma í höndum forsætisráðherra og bankaráðs. Frumkvæðisskylda bankans og ábyrgð er mjög skýr samkvæmt lögum, reglum og samþykktum. Það er meðal verkefna bankans að miðla upplýsingum og greiningum um fjármálastöðugleika með markvissum og trúverðugum hætti til réttra aðila, koma ábendingum um úrbætur skýrt á framfæri og fylgja þeim eftir.

<u>Hlutverk oddvita ríkisstjórnarflokka</u>

Fyrst skal til tekið að oddvitum ríkisstjórnarflokka er ekki markað sérstakt hlutverk í lögum eða öðrum settum reglum. Ég verð því ekki sökuð um að hafa á einhvern hátt brugðist hlutverki mínu sem oddviti Samfylkingarinnar með vísan til reglna sem gilda um ábyrgð í slíku starfi.

Samsteypustjórnir byggjast á því að þingflokkar sem styðja ríkisstjórn hafi skilning á aðgerðum hennar og styðji við þau mál sem hún ber fram. Til að breytingum verði náð fram þarf samþykki meirihluta á Alþingi. Í stjórnarsamstarfi Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks áttu oddvitar ríkisstjórnarflokkanna ýmis samskipti og fundi til að ræða mál og þoka áfram því sem um var samið í stjórnarsáttmála og þingflokkarnir báru fyrir brjósti. Undirrituð gerði þingflokki Samfylkingarinnar sem og ráðherrum hennar að jafnaði grein fyrir þessum fundum og helstu málum sem rædd voru.

Ljóst var allt frá upphafi stjórnarsamstarfsins að áherslur Samfylkingar varðandi efnahags- og gjaldeyrismál voru að ýmsu leyti aðrar en samstarfsflokksins. M.a. var rík trú á því hjá Samfylkingunni, eins og víðar í samfélaginu, að gjaldeyrisvandinn og lausafjárvandi fjármálastofnana yrði ekki leystur án aðildar að styrkari gjaldmiðli en krónunni. Samstarfsflokkurinn lagði aftur á móti meiri áherslu á sveigjanleika íslensku krónunnar og að með henni væri unnt að bregðast við margbreytilegum aðstæðum. Þá var skýr vilji Samfylkingar til að breyta stjórnun Seðlabankans. Samfylkingin vildi gera skýra hæfnis- og menntunarkröfur til bankastjóra og taldi jafnframt felast augljósa hættu á hagsmunaárekstrum í því að æðsti stjórnandi bankans kæmi beint úr stjórnmálastarfi. Samfylkingin vildi jafnframt leggja áherslu á skýrari verkstjórn og meira samstarf innan ríkisstjórnar. Mörg verkefni eru samofin og ganga þvert á skiptingu ráðuneyta. Því töldum við brýnt að skilgreina hvaða mál ættu erindi til ríkisstjórnar í heild. Þannig yrði það ekki sett einstökum ráðherrum í sjálfsvald hvaða mál bæri að taka upp á fundum ríkisstjórnar. Ofangreind mál ræddi ég á fjölmörgum fundum með forsætisráðherra á því tímabili sem hér er til skoðunar. Illu heilli féllst Sjálfstæðisflokkurinn ekki á þessi sjónarmið mín og míns flokks.

## Hlutverk utanríkisráðherra

Ég var utanríkisráðherra á þeim tíma sem til skoðunar er. Rétt er að taka fram að ég var ekki staðgengill forsætisráðherra heldur var samið um að varaformaður Sjálfstæðisflokksins gegndi því hlutverki við myndun ríkisstjórnarinnar. Í ljósi þess sem rakið hefur verið um lögbundna verkaskiptingu innan Stjórnarráðsins og hlutverk Seðlabanka Íslands liggur fyrir að engin lagaleg skylda hvíldi á mér til þess að grípa með neinum hætti inn í þau málefni sem rannsóknarnefndin hefur til skoðunar, enda féllu þau að öllu leyti undir verk- og valdsvið annarra ráðuneyta og stofnana. Ég fæ því ekki séð að nefndin geti komist að þeirri niðurstöðu að ég hafi sýnt af mér háttsemi sem varðað geti við lög, í þessu tilfelli við lög um ráðherraábyrgð.

Í bréfi rannsóknarnefndarinnar kemur fram að með vísan til mistaka eða vanrækslu sé ekki aðeins átt við að tilteknar athafnir fullnægi ekki lagakröfum eða að vanrækt sé að fylgja lagaboði, heldur geti einnig fallið undir tilvik þar sem upplýsingar hafi ekki verið metnar með réttum hætti eða ákvarðanir hafi verið teknar á grundvelli ófullnægjandi forsendna. Hvað þetta varðar er áréttað að það heyrði hvorki undir verk- eða valdsvið utanríkisráðherra að taka við eða meta upplýsingar varðandi umrædd málefni né taka ákvarðanir á grundvelli slíkra upplýsinga. Því fer þó fjarri að ég hafi ekki skoðað alvarlega þær upplýsingar og þau gögn sem fyrir mig voru lögð við ýmis tækifæri og vörðuðu ástandið á fjármálamörkuðum hérlendis sem erlendis. Sem ráðherra í ríkisstjórn og formaður annars stjórnarflokksins lét ég mig þessi mál varða og hafði verulegar áhyggjur af stöðunni. Sem formaður annars stjórnarflokksins fékk ég marghátttaðar upplýsingar um þróun mála á fundum og í samtölum við forsætisráðherra. Hitt liggur nú fyrir að mér voru hvergi nærri kynnt öll gögn sem fyrir lágu innan stjórnkerfisins á þeim tíma sem um ræðir, sbr. t.d. minnisblað Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins um úrræði stjórnvalda gegn óróleika á fjármálamörkuðum, dags. 1. apríl 2008, og vinnuskjal Seðlabanka Íslands um aðkallandi ákvarðanatöku stjórnvalda vegna hættu á fjármálaáfalli, sem sent var samráðshópi um fjármálastöðugleika og viðbúnað þann 7. júlí 2008. Vekur þetta sérstaka athygli þegar þess er gætt að ég sat fundi með stjórn Seðlabankans þann 1. apríl 2008 og þann 8. júlí 2008. Þetta varð mér þó ekki ljóst fyrr en síðar og að verulegu leyti fyrst í vinnu minni við þessi andmæli. Þá vekur það mér nokkra furðu að sum þeirra gagna, sem nefndin hafði undir höndum og mér varð fyrst kunnugt um á síðustu dögum, skuli ekki hafa verið borin undir mig af nefndinni. Ég hlýt að ætla nefndinni að leita sem réttastra upplýsinga, m.a. um það hvað mér var eða mátti vera ljóst á þeim tíma sem um ræðir. Ég gat ekki brugðist við gögnum og skýrslum sem ég vissi ekki af. Gögnum sem virðist í raun hafa verið haldið frá mér, hver sem ástæða þess kann að hafa verið.

Rannsóknarnefndin vísar einnig til þess sem hugsanlegrar vanrækslu í þessu sambandi að látið sé hjá líða að bregðast við upplýsingum um yfirvofandi hættu á viðeigandi hátt. Skýrt er af þeim gögnum sem liggja fyrir að það sem mér var kunnugt um varðandi aðsteðjandi vanda í fjármálakerfinu var borið fram á fundum með þeim sem meginábyrgð báru á stjórn efnahags- og peningamála. Í ljósi þess verður það vart talið mér til vanrækslu að hafa ekki komið upplýsingum um áhyggjur mínar til ábyrgra aðila. Þeir sem ábyrgð báru voru jafnvel eða betur upplýstir um málin en ég var. Þá hafði ég hvorki á valdi mínu að grípa fram fyrir hendur þeirra ráðuneyta eða stofnana sem þessi mál heyrðu undir né átti ég aðgang að starfsfólki með sérþekkingu á þessu sviði eins og viðkomandi ráðherrar.

Þrátt fyrir þessar staðreyndir reyndi ég eftir fremsta megni að hafa frumkvæði og bregðast við þeirri alvarlegu stöðu sem upp var komin, bæði sem formaður stjórnarflokks og sem utanríkisráðherra, eftir því sem valdsvið embættisins leyfði. Má þar í fyrsta lagi nefna að 15. janúar 2008 áttum við viðskiptaráðherra fund í viðskiptaráðuneytinu með nýskipuðum formanni stjórnar Fjármálaeftirlitsins. Fundarefnið var kaup Kaupþings á hollenska bankanum NIBC, en kaupin voru talin Kaupþingi og íslensku fjármálakerfi ofviða. Lögðum við á ráðin um hvernig Fjármálaeftirlitið gæti haft áhrif á kaupin, sbr. minnispunkta mína af þeim fundi á fylgiskjali 1, enda hafði vöxtur

bankakerfisins alveg farið úr böndunum frá einkavæðingu bankanna. Sá vöxtur varð þeim endanlega að falli, því þegar alþjóðlegir lánsfjármarkaðir þornuðu upp gátu þeir ekki endurfjármagnað sig. Þessi aðgerð var liður í að stöðva þann vöxt, þótt seint væri.

*Í öðru lagi* sat ég fund 8. febrúar 2008 með fulltrúum fjármálafyrirtækja. Fundurinn var haldinn að frumkvæði ríkisstjórnarinnar til að leggja mat á stöðuna og möguleikana á að standast áhlaup vogunarsjóða eða annarra, eins og segir í minnispunktum mínum af fundinum, sem rannsóknarnefndinni hafa verið afhentir, sbr. fylgiskjal 2. Fundinn sátu einnig forsætis-, fjármála- og viðskiptaráðherra.

*Í þriðja lagi* ræddi ég 11. febrúar 2008 á fundi þingflokks Samfylkingarinnar, þar sem ráðherrar flokksins sátu, um alvarlegt ástand á alþjóðlegum mörkuðum og skuldsetningu bankanna. Fór ég þar m.a. yfir minnispunkta mína frá fundi með stjórn Seðlabankans 7. febrúar 2008. Nánari grein verður gerð fyrir þeim fundi hér á eftir. Á fundinum var greint frá því að ráðuneytisstjóra forsætisráðuneytisins og aðstoðarmanni viðskiptaráðherra, sem báðir eru hagfræðingar og höfðu aðgang að upplýsingum í krafti stöðu sinnar, hefði verið falið að gera tillögur að aðgerðum af hálfu ríkisstjórnarinnar í ljósi stöðunnar sem uppi var. Þessi mál voru svo aftur rædd á þingflokksfundi 18. febrúar 2008, sbr. afrit úr fundargerðarbók þingflokks í fylgiskjali 3.

*Í fjórða lagi* var mér kunnugt um að forsætisráðherra hafði sett á laggirnar sérstaka nefnd til að taka á vandanum og ráðið Finn Sveinbjörnsson til að fylgja þeim málum eftir. Á fundum sem ég átti með forsætisráðherra kallaði ég ítrekað eftir tillögum frá nefndinni, sbr. t.d. minnispunkta frá fundi með forsætisráðherra 19. apríl 2008, sbr. fylgiskjal 4.

*Í fimmta lagi* fór ég fram á það við forsætisráðherra á fundi 8. júlí 2008, sbr. fylgiskjal 5, að skipuð yrði vísra manna nefnd til að greina stöðuna í efnahagsmálum og gera tillögur að aðgerðum til lengri og skemmri tíma, sbr. minnisblaðið „*Efnahagsstefna á krossgötum*“ sem rannsóknarnefndinni hefur verið afhent, sbr. fylgiskjal 6. Var það minnisblað unnið í kjölfar funda sem haldnir voru að undirlagi mínu þar sem kallaðir voru saman ýmsir sérfræðingar til að greina stöðuna og leggja á ráðin um nauðsynlegar aðgerðir. Var m.a. boðað til formlegra og óformlegra funda í s.k. hagráði Samfylkingarinnar til að ræða þessi mál. Á þá fundi komu m.a. auk einstakra ráðherra, Jón Sigurðsson formaður stjórnar Fjármálaeftirlitsins, Katrín Ólafsdóttir hagfræðingur, Jón Þór Sturluson aðstoðarmaður viðskiptaráðherra, Gylfi Arnbjörnsson forseti ASÍ, Edda Rós Karlsdóttir þáverandi forstöðumaður greiningardeildar Landsbankans, Sigríður Ingibjörg Ingadóttir hagfræðingur og fulltrúi í bankaráði Seðlabankans, Skúli Helgason framkvæmdastjóri Samfylkingarinnar o.fl., sbr. minnispunkta frá tveimur fundum á fylgiskjali 7.

*Í sjötta lagi* vann ég að því sem utanríkisráðherra að koma samræmdum upplýsingum til allra sendiskrifstofa erlendis um aðstæður á Íslandi og þann vanda sem við væri að etja á erlendum lánamörkuðum. Markmiðið var að þær væru vel í stakk búnar til að fylgjast með umræðunni erlendis um íslensk efnahagsmál og íslenska fjármálageirann, til að bregðast við opinberri umfjöllun ef ástæða væri til og svara spurningum sem upp kynnu að koma. Þetta verkefni setti ég af stað með ráðstefnu sem haldin var í utanríkisráðuneytinu þann 22. febrúar 2008 undir yfirskriftinni: „*Umfjöllun um íslenska fjármálageirann - hlutverk utanríkisþjónustunnar?*“ Voru sendiherrar í nærliggjandi löndum m.a. kallaðir heim til að taka þátt í ráðstefnunni en þar var lögð áhersla á að íslensk utanríkisþjónusta byggði á upplýsingum sem taldar voru gefa góða og rétta mynd af stöðunni í íslensku efnahagslífi og fjármálageira. Þess vegna voru fulltrúar fjármálaráðuneytis, forsætisráðuneytis og Fjármálaeftirlits fengnir til að hafa framsögu á fundinum auk fulltrúa frá fjármálafyrirtækjunum, sbr. dagskrá fundarins á fylgiskjali 8. Taldi ég einmitt brýnt að skipuleggja og samhæfa aðgerðir utanríkisþjónustunnar við aðra þætti stjórnsýslunnar til að verjast þeirri orðsporsáhættu sem Ísland glímdi við. Með þessum hætti var unnið að því að gæta hagsmuna íslenska ríkisins erlendis, í samræmi við hlutverk utanríkisráðuneytisins samkvæmt reglugerð

177/2007. Fleiri dæmi mætti nefna um viðleitni mína til að taka frumkvæði, gefa ráð eða aðstoða við aðgerðir til að takast á við stöðuna í íslenskum efnahagsmálum og fjármálakerfi og hef ég t.d. bókað hjá mér fund með forsætisráðherra 14. september 2008, sbr. fylgiskjal 9, þar sem við ræddum m.a. aðgerðir í efnahagsmálum og mikilvægi þess að til yrði heildstæður pakki þar sem tekið væri á gengismálum, vinnumarkaðsmálum o.fl. Þessi fundur var einn af mörgum samráðsfundum sem ég átti með forsætisráðherra en þeir voru haldnir eftir því sem tilefni þótti til og ekki bókaðir. Skrifaði ég þó stundum punkta til minnis fyrir fund eða á fundi. Ýmist voru þar rædd mál sem um hafði samist í stjórnarsáttmála eða mál sem óskað var eftir samstarfi um í ljósi þeirra aðstæðna sem upp komu eftir myndun ríkisstjórnarinnar. Hvor ráðherra fyrir sig fylgdi málum síðan eftir á málasviðum síns flokks.

Þessa upptalningu tel ég sýna svo ekki verði um villst að ég verð ekki sökuð um að hafa vanrækt að bregðast við þeirri stöðu sem upp var komin, hvorki sem formaður annars stjórnarflokksins né sem utanríkisráðherra. Skal þar sem fyrr hafa í huga að með hliðsjón af verkefnum utanríkisráðuneytisins var það ekki á valdi mínu að grípa með beinum hætti inn í málefni sem féllu undir önnur ráðuneyti. Ég reyndi sem formaður stjórnarflokks, og þar sem valdsvið utanríkisráðherra leyfði, að koma fram ráðleggingum eða tillögum til þeirra ráðherra sem með málefnið fóru, eins og að framan greinir.

**II.**

*Athugasemdir við einstök atriði*

a)

Í kafla III.1 í bréfi rannsóknarnefndarinnar er fjallað um viðbrögð mín við þeim fundum sem haldnir voru með Seðlabanka Íslands, einkum fundi sem haldinn var 7. febrúar 2008. Fundurinn var haldinn að ósk Seðlabankans og sátu fundinn bankastjórn Seðlabankans, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Seðlabankans, forsætisráðherra, fjármálaráðherra, ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytisins og undirrituð. Samkvæmt bréfi rannsóknarnefndar var tilefnið að koma á framfæri mati Seðlabankans á alvarlegum vanda íslenska bankakerfisins eftir fundi bankastjórnarinnar með fulltrúum fjármálastofnana í Lundúnum.

Rannsóknarnefndin veitir mér færi á að koma fram sjónarmiðum um það af hverju ég hafi hvorki séð ástæðu til þess, með því að óska beint eftir því eða með því að taka málið upp á vettvangi ríkisstjórnar og gagnvart hlutaðeigandi ráðherrum, að láta stjórnkerfið staðreyna upplýsingar né undirbúa aðgerðir í ljósi þess hve alvarlegum upplýsingum stjórn Seðlabanka Íslands hafði komið á framfæri á fundinum. Virðist nefndin í bréfi sínu byggja á orðum fyrrverandi Seðlabankastjóra við skýrslutöku. Ég tel þá frásögn þó bæði ranga og villandi, eins og gerð verður nánari grein fyrir hér á eftir. Geng ég út frá því að rannsóknarnefndin veiti minnispunktum mínum og mati mínu á fundinum a.m.k. sama vægi og hún virðist veita minnisblaði og frásögn fyrrum formanns bankastjórnar Seðlabankans.

Vert er að árétta að forsætisráðherra boðaði mig til fundar í forsætisráðuneytinu með örstuttum fyrirvara. Hvorki var tilgreind ástæða fundarins né hverjir aðrir væru boðaðir til hans. Skilgreining á vandanum eða stöðumat kom ekki fram á fundinum. Engin gögn voru afhent og engar tillögur gerðar um viðbrögð við þeim vanda sem lýst var. Enginn frá Seðlabankanum, nema formaður stjórnar bankans, lagði nokkuð til mála á fundinum og má helst lýsa honum sem eintali hans þar sem erfitt var að greina á milli frásagna hans af staðreyndum og persónulegrar afstöðu hans til manna og málefna, litaðri af pólitískum ákvörðunum og átökum fyrri ára. Til marks um mat mitt á því sem fram fór á fundinum á þeim tíma sem hann var haldinn er rétt að fram komi að eftir fundinn skráði ég hjá mér í minnisbók, sbr. fylgiskjal 10: „*Greinilegt að seðlabankastjóra (DO) er ósárt um*

*að Kaupþing kollsigli eða fari úr landi. Dregur upp mjög dökka mynd af framtíðarhorfum á markaðnum og vill nota þá mynd til að réttlæta aðgerðir gegn bankanum. Gagnrýni á Kaupþing og Glitni áberandi en ekki á Landsbankann. Engar tillögur eða ábendingar komu fram um það sem ríkisstjórnin ætti að gera í málefnum bankanna. Fundurinn einkenndist af því að þetta var eins manns útaustur*.“

Varðandi þá spurningu af hverju ég hafi ekki látið stjórnkerfið staðreyna upplýsingar sem fram komu á fundinum er rétt að halda því til haga að sá hluti stjórnkerfis ríkisins sem heyrir undir utanríkisráðherra býr ekki yfir sérfræðingum um fjármálastöðugleika og utanríkisráðuneytið er hvergi skilgreint til samstarfs við þá aðila sem ábyrgð bera á aðgerðum til að viðhalda fjármálastöðugleika. Engir embættismenn eða sérfræðingar utanríkisráðuneytis voru kallaðir til né höfðu aðgang að þeim upplýsingum sem lagðar voru fyrir samráðsvettvang forsætisráðuneytis, fjármálaráðuneytis, viðskiptaráðuneytis, Fjármálaeftirlits og Seðlabanka Íslands. Er því vandséð hvar ég gat borið niður til að láta staðreyna það sem fram kom á fundinum.

Það sem skiptir öllu meira máli í þessu sambandi er að á fundinum 7. febrúar voru ekki lagðar fram neinar upplýsingar né greiningar á stöðu íslenska fjármálakerfisins. Þar lá engin dagskrá fyrir og engin formleg fundargerð var rituð. Um það sem fram kom á fundinum er því einungis hægt að styðjast við minnispunkta mína sem teknir voru niður á fundinum, og þegar hafa verið afhentir rannsóknarnefndinni, og skýrslu Davíðs Oddsonar fyrir rannsóknarnefndinni. Þær upplýsingar sem þar koma fram eru af skornum skammti svo ekki sé fastar að orði kveðið. Þar kemur fram að á fundinn, sem forsætisráðherra boðaði til, hafi formaður stjórnar Seðlabankans einungis tekið með sér handskrifað minnisblað um heimsókn sína til Lundúna og lesið það upp. Þær tilvitnanir í skýrslu Davíðs fyrir rannsóknarnefndinni sem nefndin telur hafa efnislega þýðingu varpa ekki skýrara ljósi á hvað kom fram á fundinum. Um ástæðu þess að ekkert var lagt fram á fundinum segir Davíð: *„Okkur lá svo á að koma þessu til ríkisstjórnarinnar, því að mér var náttúrlega mjög brugðið, að hún var ennþá í handriti, í mínu handriti, sem ég las upp, [...]. En auðvitað hafði ég borið það undir minn samferðamann og hann var sammála því þó að hann hefði líka gert punkta sem voru svona kannski með aðrar áherslur.*“

Í bréfi nefndarinnar er ekkert getið um hvaða „alvarlegu upplýsingar” þetta voru sem Davíð átti að hafa komið á framfæri á fundinum en aðspurður um hvort ekki hefði komið til greina af hálfu Seðlabankans að afhenda ráðherrum skriflega skýrslu svaraði Davíð: *„Það hefði þá þjónað þeim tilgangi að sanna málstað okkar eftir á, en menn voru aðallega að hugsa um hvernig menn mundu bregðast við, en ekki hvort menn mundu passa á sér rassinn upp á síðari tíma. Það hefði auðvitað verið betra ef menn hefðu gert það en við vorum búnir að koma öllu þessu á framfæri.*“ Aðrar tilvitnanir úr skýrslu Davíðs varpa engu frekara ljósi á það hvaða upplýsingar komu fram á fundinum og eiga eftir atvikum að hafa kallað á frekari skoðun eða leiða til sérstakra aðgerða af hálfu ríkisstjórnarinnar. Ómögulegt er því að tala um rétt eða röng viðbrögð þegar ekki liggur fyrir hvaða upplýsingar það eru sem áttu að hafa kallað á viðbrögð. Eintal og vangaveltur Davíðs Oddsonar um menn og málefni án nokkurra gagna, áskorana eða tillagna til ríkisstjórnar um viðbrögð er erfitt að meta. Þá liggur auðvitað fyrir að fundarmönnum var áður ljóst að upp voru komin alvarleg vandamál á alþjóðlegum fjármálamarkaði og þar með hjá íslenska bankakerfinu. Leggja þyrfti allt kapp á að verjast áhrifum þeirra vandamála á íslenska hagsmuni, eins og t.d. með styrkingu gjaldeyrisvaraforðans, sem unnið var að í samvinnu við Seðlabankann.

Þessi fundur og aðrir fundir með Seðlabankanum árið 2008 voru því fyrst og fremst óformlegir upplýsingafundir sem boðað var til tilviljanakennt af forsætisráðherra með skömmum fyrirvara án þess að tiltekið væri sérstaklega hvað ætti að ræða. Á fundunum voru engin gögn eða tillögur lagðar fram af hálfu Seðlabankans heldur var fyrst og fremst rætt um framvinduna í vinnu Seðlabankans að því að styrkja gjaldeyrisvaraforðann, eins og má sjá af minnispunktum mínum frá fundunum. Þessir fundir sem slíkir kölluðu því ekki á neinar sérstakar aðgerðir ríkisstjórnarinnar

eða mínar umfram þær aðgerðir sem ráðist hafði verið í til styrkingar gjaldeyrisvaraforðanum og aðgerðir viðkomandi ráðuneyta í kjölfar annarra funda eða upplýsinga sem fengust frá öðrum aðilum.

b)

Í kafla III.2 í bréfi rannsóknarnefndarinnar er vitnað til minnispunkta minna frá fundi með bankastjórn Seðlabankans 1. apríl 2008 en þar segir að Davíð Oddsson hafi nefnt að 193 milljónir sterlingspunda hefðu runnið út af Icesave reikningum um helgina og að Landsbankinn gæti þolað slíkt útstreymi í sex daga. Er mér til efs að nefndin hefði einhverjar skriflegar heimildir um þennan fund ef ekki væri fyrir minnispunkta mína. Nefndin segir síðan að ekki sé að sjá að gripið hafi verið til sérstakra ráðstafana til að samhæfa aðgerðir á vettvangi utanríkisþjónustunnar og annarra stjórnvalda og gera þær markvissari í ljósi þeirrar hættu sem því væri samfara ef t.d. yrði um að ræða áframhaldandi áhlaup á Icesave reikninga Landsbankans í Bretlandi.

Ekki var gefinn kostur á að ræða þetta atriði, sem um er spurt, sérstaklega við skýrslutöku hjá nefndinni. Nú er hins vegar spurt hvort skort hafi á að ég, sem utanríkisráðherra, hafi beitt mér í krafti embættisins til að skipuleggja og samhæfa aðgerðir utanríkisþjónustunnar við aðra þætti stjórnsýslunnar og gæta hagsmuna ríkisins erlendis. Varðandi þessa spurningu verður fyrst að taka fram að á fundinum var því ekki haldið fram að um væri að ræða „áhlaup“ á Icesave reikninga Landsbankans heldur hinu að óróleiki á fjármálamörkuðum og þverrandi traust sparifjáreigenda á bankakerfinu kæmu illa við Icesave reikningana þar sem þeir væru netreikningar og þ.a.l. mjög ,,kvikir“. Varð það einmitt raunin, þ.e. að ekki var um áhlaup í þeim skilningi að ræða, hvorki þá né í framhaldinu.

Enn er vert að minna á að samkvæmt stjórnarskrá og lögum og reglugerð um Stjórnarráð Íslands fer hver ráðherra með málefni síns ráðuneytis. Hlutverk utanríkisráðuneytisins er m.a. að annast samskipti við erlend ríki og sinna íslenskum hagsmunum erlendis. Það felur í sér að sendiráð Íslands, fastanefndir og ræðisskrifstofur vinna að íslenskum hagsmunum eins og þeir eru skilgreindir á hverjum tíma. Það gat hins vegar aldrei verið á ábyrgð utanríkisráðuneytisins að skilgreina hvaða viðbrögð - til varnar eða sóknar - íslenska ríkið ætti að hafa uppi vegna aðsteðjandi vanda fjármálafyrirtækja í einkaeigu. Allar óskir um liðsinni og skilgreining á verkefnum hefðu þurft að berast frá þeim sem ábyrgð báru og sérfræðiþekkingu höfðu á fjármálastöðugleika og starfsemi fjármálastofnana. Þá lá fyrir að viðkomandi aðilar voru í sambandi við sambærileg yfirvöld í öðrum ríkjum enda er stjórnsýsla ríkisins í eðli sínu alþjóðleg og samskipti við útlend stjórnvöld eru snar þáttur í starfi allra ráðherra og stofnana hins opinbera. Hver ráðherra og hvert ráðuneyti hefur bein samskipti við sendiráð erlendis, sé þörf á atbeina þeirra, og forsætisráðherra hefur að auki sérstakan sendiherra með fasta starfsstöð í forsætisráðuneytinu til að tryggja beinan og milliliðalausan aðgang að utanríkisþjónustunni.

Í þessu sambandi er tilefni til að gera skýran greinarmun á orðsporsáhættu annars vegar og alþjóðasamskiptum um lánafyrirgreiðslu og bankastarfsemi hins vegar. Á 21. öld hefur orðsporsáhætta vegið æ þyngra í starfi utanríkisþjónustu margra landa og þarf ekki annað en að nefna teikningamálið í Danmörku í því sambandi. Það var mat stjórnvalda á þessum tíma að Ísland byggi við verulega orðsporsáhættu sem bregðast þyrfti við með samræmdum hætti. Sjálf mat ég það svo, eins og kom fram í ræðu minni um utanríkismál á Alþingi 8. apríl 2008, að ákveðið tómlæti hefði lengi verið um þetta af Íslands hálfu. Sagði ég m.a. að þess vegna hefði ,,íslenska álagið“ svonefnda orðið til og hætt væri við að trúverðugleikavandi færðist yfir Ísland í heild og það sem frá Íslandi kæmi. Við þessu var brugðist af hálfu ríkisstjórnarinnar og utanríkisráðuneytisins sérstaklega, sbr. umfjöllun hér að framan um ráðstefnu sem haldin var í utanríkisráðuneytinu 22. febrúar 2008 og tilmæli sem í framhaldinu var beint til allra starfsstöðva utanríkisráðuneytisins um viðbrögð við opinberri umfjöllun erlendis.

Hvað varðar kafla III.2 í bréfi rannsóknarnefndarinnar að öðru leyti vísast til fyrri umfjöllunar um fundi mína og fleiri með Seðlabanka Íslands, þá einkum þess að hvorki voru á fundinum 7. febrúar né öðrum lögð fram nein gögn né tillögur eða áskoranir um tiltekin viðbrögð. Í ljósi þess að ekki var um áhlaup á Icesave reikninga Landsbankans að ræða kallaði þessi tiltekni fundur því ekki á sérstakar aðgerðir eða viðbrögð umfram það sem ríkisstjórnin hafði þegar framkvæmt eða var með til skoðunar.

c)

Í kafla III.3 í bréfi rannsóknarnefndarinnar kemur fram að hún hafi til athugunar hvort meta beri mér það til vanrækslu að hafa ekki gengið úr skugga um eða látið leggja mat á það hver geta ríkissjóðs væri til að styðja fjárhagslega við bak fjármálafyrirtækja landsins, einu eða fleiri, áður en yfirlýsingar voru látnar uppi, af minni hálfu sem utanríkisráðherra, um að staðið yrði við bakið á bönkunum. Þetta atriði kom ekki sérstaklega til umræðu við skýrslutöku fyrir nefndinni. Ég geng þó út frá því að nefndin taki skýringar mínar til efnislegrar meðferðar áður en hún kemst að niðurstöðu, enda andmælaréttur að öðrum kosti lítils virði.

Í bréfi nefndarinnar er ekki vísað til þeirra yfirlýsinga sem um er að ræða. Geta má sér þess til að rannsóknarnefndin sé þarna að vísa til yfirlýsingar í ræðu á fundi dansk-íslenska verslunarráðsins í Kaupmannahöfn 11. mars 2008 og yfirlýsinga í kjölfar flokksstjórnarfundar Samfylkingarinnar 30. mars sama ár.

Fundur dansk-íslenska viðskiptaráðsins í Kaupmannahöfn var haldinn í tengslum við opinbera heimsókn mína til utanríkisráðherra Danmerkur sem hafði verið lengi í undirbúningi. Eins og sést þegar ræðan er lesin var henni fyrst og fremst ætlað að vekja fólk til umhugsunar um menningarleg, söguleg og viðskiptaleg tengsl ríkjanna. Boðskapurinn var að ekki séu allir Íslendingar eins og að ekki megi setja öll íslensk fyrirtæki undir sama hatt, heldur eigi að meta hvert og eitt á sínum forsendum. Þetta var innlegg í umræðu sem staðið hafði lengi, verið harkaleg á köflum og tengdist umræddri orðsporsáhættu. Í tengslum við heimsóknina óskaði ég eftir einkafundum með ritstjórum stærstu dönsku blaðanna til að heyra mat þeirra á svokallaðri Íslandsumræðu. Auk þess ræddi ég við blaðamenn um málefnið. Sá hluti ræðunnar sem fjallar um stöðu bankanna var samin á viðskiptasviði utanríkisráðuneytisins í nánu samráði við þáverandi efnahagsráðgjafa forsætisráðherra, Finn Sveinbjörnsson. Þann 13. mars átti forsætisráðherra að flytja ræðu í New York og var talið mikilvægt að ekki yrði misræmi í því sem sagt væri. Sem utanríkisráðherra hafði ég enga aðstöðu í krafti embættis til þess að láta gera sjálfstæða rannsókn á stöðu bankanna og getu ríkissjóðs til að standa við bakið á þeim. Í samræmi við langa og athugasemdalausa starfsvenju voru slíkar upplýsingar sóttar í fagráðuneyti. Skoðun erlendra matsfyrirtækja á getu ríkisins hafði líka þýðingu í þessu sambandi. Fimmta mars var birt á heimasíðu Seðlabanka Íslands nýtt lánshæfismat frá Moody's þar sem vitnað er í sérfræðing þaðan m.a. með þessum orðum: „*Sérfræðingurinn sagði ennfremur að það væri næsta víst að stjórnvöld hefðu yfir að ráða lausu fé og öðrum þeim tækjum sem dygðu til að taka á hverjum þeim vanda sem upp gæti komið jafnvel við ríkjandi skilyrði á alþjóðavettvangi. Samt sem áður fælist í lækkun á mati á fjárhagslegum styrk bankanna ákveðin áhætta, þótt lítil væri, fyrir stjórnvöld, sem endurspeglaðist í neikvæðum horfum á lánshæfismatinu. [...] Sérfræðingurinn lagði áherslu á að íslensk stjórnvöld væru fullfær um að fást við áfall (e. crisis) í bankakerfinu, jafnvel þótt það stafaði af lausafjár- eða fjármögnunarerfiðleikum.*“ Í sömu álitsgerð er lögð áhersla á mikilvægi þess að stemma stigu við frekari útþenslu bankakerfisins og farið jákvæðum orðum um að komið hafi verið í veg fyrir kaup Kaupþings á hollenska bankanum NIBC. Á þessum tíma hafði ég enga ástæðu til að vantreysta glænýrri niðurstöðu Moody´s, enda um að ræða fyrirtæki sem markaðurinn reiddi sig almennt á. Þá var álit Moody‘s í samræmi við álit fagaðila innan íslenska stjórnkerfisins.

Þegar ræða mín á flokksstjórnarfundi Samfylkingarinnar er skoðuð skýrist líka hvað ég átti við með því að staðið yrði við bakið á bönkunum. Í ræðunni fór ég yfir stöðuna og minnti á að fyrir kosningar hefði Samfylkingin varað við hættunni sem af því hlytist ef Ísland missti trúverðugleika á alþjóðlegum fjármálamörkuðum með þeim afleiðingum að vaxtaálag hækkaði, gengi félli og verðbólgan héldi innreið sína að nýju. Nú ári síðar væri þetta því miður orðið að veruleika. Fór ég í ræðunni yfir þær aðgerðir sem ráðast þyrfti í og að senda þyrfti skýr skilaboð til spákaupmanna um að hugsanlegu áhlaupi þeirra á íslensku bankana yrði hrundið. Í ræðunni sagði ég: *„[að] við ætlum að verja efnahagskerfi okkar með ráðum og dáð. Það verður ekki sársaukalaust. Það kann að fela í sér umtalsverða lántöku af hálfu ríkissjóðs til að efla gjaldeyrisforða Seðlabankans - jafnvel þó lánamarkaðir séu óhagstæðir - en það kann líka að fela í sér að stýrivextir þurfi að hækka enn meira en þegar er orðið*.“ Þá kemur eftirfarandi fram í ræðunni: *„Staða bankanna er sterk og ríkisstjórn og Seðlabanki hafa næg úrræði til að hrinda árás spákaupmanna. Vel kann að vera að einhverjir einstakir Íslendingar hafi fyllilega unnið fyrir vondu umtali á erlendri grundu og eigi þar fátt gott skilið. En það á ekki við um Ísland í heild og ef bankarnir skaðast er skaðinn okkar allra*.“

Á flokkstjórnarfundinum var skipulagt sérstakt pallborð um stöðuna í efnahagsmálum og á fjármálamörkuðum. Meðal ræðumanna þar var Friðrik Már Baldursson prófessor í hagfræði við Háskólann í Reykjavík. Eitt af því sem hann lagði þar áherslu á var einmitt mikilvægi þess að huga að lántöku til að styrkja gjaldeyrisforða Seðlabankans. Fleiri hagfræðingar færðu rök fyrir mikilvægi þessarar aðgerðar á þessum tíma og 27. maí 2008 mælti fjármálaráðherra fyrir frumvarpi til laga um heimild til fjármálaráðherra til að taka lán fyrir allt að 500 milljörðum króna og endurlána til Seðlabanka Íslands til að styrkja gjaldeyrisforða bankans. Þetta frumvarp hafði verið undirbúið og til meðferðar í stjórnarráðinu frá því um áramótin 2007-8.

Í yfirlýsingum mínum um að stjórnvöld myndu standa við bakið á íslenska fjármálakerfinu fólst því fyrst og fremst að varnir stjórnkerfisins yrðu styrktar til að takast á við hugsanlegt áhlaup og lausafjárskort. Að þessu var unnið á þeim tíma af Seðlabankanum í samráði við ríkisstjórnina. Á fundi með stjórn Seðlabankans 16. apríl 2008 kom m.a. fram að ef lánalínur væru 6 milljarðar evra og gjaldeyrisforðinn styrktur þannig að hann væri 4 milljarðar evra, væri viðbúnaður í heild 10 milljarðar evra sem gæti fælt vogunarsjóðina frá. Ég hafði engar forsendur til að draga þetta í efa.

## III.
*Niðurlag*

Tilgangur laga nr.142/2008 er að rannsóknarnefnd leiti sannleikans um aðdraganda og orsök falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða. Þá ber nefndinni að leggja mat á hvort um mistök eða vanrækslu hafi verið að ræða við framkvæmd laga og reglna um fjármálastarfsemi á Íslandi og eftirlit með henni.

Í ljósi þess að nefndin telur álitaefni hafa risið um mín störf sem utanríkisráðherra á þeim tíma sem til skoðunar var, hefur hún gefið mér tækifæri til andsvara. Þau hafa verið veitt hér að framan, en má draga saman með eftirfarandi hætti:

i) Málsatvikalýsing rannsóknarnefndarinnar, minnispunktar mínir og vitnisburður fyrrum formanns bankastjórnar Seðlabankans bera með sér að ekki voru veittar neinar upplýsingar eða lögð fram nokkur gögn á fundum 7. febrúar og 1. apríl 2008 sem kölluðu á sérstök viðbrögð af minni hálfu. Á það jafnt við hvort heldur er litið til laga og annarra settra reglna sem giltu um starf mitt sem utanríkisráðherra eða pólitískrar ábyrgðar minnar sem formanns annars stjórnarflokksins.

ii) Í yfirlýsingum mínum á árinu 2008, um stuðning stjórnvalda við íslensk fjármálafyrirtæki, fólst að varnir stjórnkerfisins yrðu styrktar til að takast á við hugsanlegt áhlaup og lausafjárskort, einkum með tilliti til orðsporsáhættu Íslands. Yfirlýsingarnar voru fullkomlega eðlilegar og settar fram af ábyrgð, enda gefnar eftir samráð við forsætisráðuneytið, en það fer með efnahagsmál. Þá voru þær í fullu samræmi við opinberar greiningar sérfræðinga, eftirlitsaðila í stjórnkerfinu og erlendra matsfyrirtækja þegar gefnar voru. Ég hafði engar forsendur til þess að draga þær greiningar í efa, enda þótt reynslan hafi sýnt greinendur heldur glámskyggna.

Með bréfi þessu hef ég svarað þeim álitamálum sem rannsóknarnefndin reifar í bréfi sínu. Ég geri þá kröfu til nefndarinnar að svör mín og skýringar sem ekki var fjallað um við skýrslutöku hjá rannsóknarnefndinni fái efnislega meðferð hjá nefndinni og verði þar með hluti af niðurstöðu hennar.

Í ljósi þess sem ég hef rakið hér að framan, m.a. varðandi almenn sjónarmið um verkaskiptingu og ábyrgð innan stjórnkerfisins og þeirra andsvara sem ég hef veitt við þeim álitaefnum sem nefndin taldi hafa risið af störfum mínum, hlýt ég einnig að gera þá kröfu til rannsóknarnefndarinnar að hún taki skýra, rökstudda afstöðu til þess hvort hún telji enn að ætla megi að mér hafi orðið á mistök eða ég gerst sek um vanrækslu í starfi, sbr. 13. gr. l. nr. 142/2008. Niðurstöðu nefndarinnar þar um hlýtur að eiga að birta í skýrslu hennar. Fái sjónarmið mín það vægi sem ég tel þeim bera, óttast ég ekki niðurstöðu nefndarinnar.

Í mínum huga er mikilvægt að rannsóknin skili skýrum niðurstöðum um hvar ábyrgð á því sem úrskeiðis fór liggur og hvar ekki samkvæmt þeim lögum og reglum sem hér voru í gildi. Verði það ekki gert teljast allir í stjórnkerfinu samábyrgir án tillits til þess hvernig verkum og ábyrgð er skipt og hið nauðsynlega uppgjör við fortíðina til að bæta framtíðina á sér ekki stað. Með því dregur úr líkum á þjóðfélagslegri sátt og endurnýjaðri samstöðu um betri framtíð.

Þarfnist eitthvað í þessu bréfi frekari skýringa er vinsamlegast beðið um tækifæri til að koma þeim á framfæri.

Virðingarfyllst,

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir

Fyrdgisky. 2



**Fundur í viðskiptaráðuneytinu 15.01.2008 með Jóni Sigurðssyni formanni stjórnar FME, viðskiptaráðherra og aðstoðarmanni hans.**

Rætt um evruskráningu fyrirtækja. Fram kom að aðild Seðlabankans að ferlinu væri sérstök þar sem ekki væri lagastoð fyrir því heldur byggði hún á reglugerðarákvæði sem gengi lengra en lögin. Í reglugerðinni frá í fyrra sé skiyrðið um að ein erlend mynt verði að vera afgerandi en það sé þrenging og ekki í anda laganna. Talað um að Straumur-Burðarás hafi fengið heimildina til evruskráningar svo spurningin um jafnræði hljóti að vakna í tilviki Kaupþings. Fram kom að það væru mjög slæm áhrif af deilu stærsta banka landsins og Seðlabankans.

Rætt um kaup Kaupþings á NIBC og um hlutverk og möguleika Fjármálaeftirlitsins til að hafa áhrif á kaupin. Sammála um að þau kaup séu Kaupþingi og íslensku fjármálakerfi ofviða. Ef Kaupþing fer illa fer Exista líka. Gætu sent gult spjald sem gerði Kaupþingi kleift að fara út úr kaupunum með frjálsum samningum. Jón Sigurðsson mun skoða hvað hann getur gert sem formaður stjórnar FME.

Talað um að menn séu alltaf að lána sjálfum sér – of mikil vensl á lánamarkaði og það þyrfti að skerpa regluverkið þannig að fyrir lægi hverjir eru raunverulegir eigendur hlutafjár.

Fram kom að bankarnir væru sterkir fyrir og verði með skikkanlega ávöxtun eigin fjár – 15-20% í stað 30-40% áður. Gætu komið upp vandamál hjá sparisjóðunum. Með eignir á of fáum stöðum. Of mikil áhætta. Bankarnir eiga að geta staðið af sér óveður. Eigin eign bankanna í hlutabréfum á ísl. markaðnum minni en ætla mætti og þ.a.l. áhrif verðfalls minni.

 Fylgiskjal 2 

**Fundur með fulltrúum fjármálafyrirtækja í Ráðherrabústaðnum 7. eða 8. febrúar 2008.**

Af hálfu ríkisstjórnarinnar sátu fundinn eftir því sem mig minnir auk mín, forsætisráðherra, fjármálaráðherra og viðskiptaráðherra. Hugsanlega einhverjir fleiri s.s. ráðuneytisstjórar.

Fundurinn var haldinn að frumkvæði ríkisstjórnarinnar til að heyra hvernig fjármálafyrirtækin mætu sína eigin stöðu og möguleikana til að standast áhlaup vogunarsjóða eða annarra.

Hreiðar Már: Vonbrigði að ekki var tilkynnt um vaxtalækkun á síðasta vaxtaákvörðunardegi. Hefði styrkt stöðu skuldsettra fyrirtækja. Varðandi bankana sagði hann það viðhorf ríkjandi að þeir hafi lánað svo mikið til fyrirtækja á íslenska verðbréfamarkaði að það gæti skapað þeim erfiðleika vegna mikilla tengsla.

Halldór Kristjánsson: Ræddi um stærð seðlabankans andspænis bankakerfinu. Þetta skapaði vandamál. Um aðgerðir gegn þessu sagði hann mikilvægt að draga úr vexti bankakerfisins og sagði að bankarnir væru að því. Landsbankinn væri t.d. að styrkja lausafjárstöðu sína en hún væri vandamálið því eiginfjárstaðan væri sterk. Önnur aðgerð væri að styrkja gjaldeyrisforðann. Sagði hann heildarskuldir kerfisbankanna þriggja, sem þeir þyrftu að standa skil á á næstu 2 árum, vera 16 milljarða evra. Á næstu 5 árum kæmu hins vegar 36 milljarðar evra til greiðslu. Sagði hann nauðsynegt að styrkja gjaldeyrisforðann verulega. Hann þyrfti að vera 5-10 milljarðar kr. Sagði hins vegar að það borgaði sig ekki að ræða það mikið og meta þyrfti tímasetningar. Mikilvægt að fara rólega af stað.

Guðmundur Hauksson: Sagði að vandamálin væru tvö. Annars vegar erlent en aðgangur að lánsfé væri mjög þröngur og vaxtaálagið mikið. Sagði að rússneskri bankar væru að fá betri kjör þó þeir séu með verra lánshæfismat. Hitt vandamálið væri Íbúðalánasjóður en bankarnir væru að glíma við samkeppni sem er með ríkisábyrgð.

Sigurjón Árnason: Bankarnir of stórir fyrir íslenskt samfélag. Heimurinn þarf að skynja að fjármálakerfið hafi bakstuðning hjá ríkisvaldinu. Sagði að þetta væri ekki hreinn upplýsingavandi heldur raunverulegur hlutfallsvandi. Talaði um að styrkja lífeyriskerfið en það þyrfti að fara lágt. Allt sem gert er í dag spyrst út og því verða allir að tala varlega og fara varlega. Má túlka á neikvæðan hátt ef farið er í sértækar aðgerðir vegna fjármálakerfisins.

Tryggvi Þór: Verulegur lausafjárskotur vegna óvissu um nánustu framtíð. Sagði að vantraustið á íslenskum aðilum væri algert og peningamarkaðurinn frosinn. Sagði það spurningu hvernig ríkið kæmi að því. Lífeyrissjóðunum væri bannað í dag að skipta á pappírum en ef því yrði breytt myndi lausafé aukast. Hugsanlega þyrfti að stækka grunninn og bæta við bílapappírum. Bankarnir gætu líka skipt á pappírum og þannig myndi kerfisáhættan minnka.

Halldór Kristjánsson: Breyta þarf verðlagningu hjá Íbúðalánasjóði strax. Það hefur áhrif á vaxtastig Seðlabankans.

Hreiðar Már: Hækka þarf ríkisábyrgðargjaldið hjá Íbúðalánasjóði. Banna að hafa misræmi milli eigna og skulda hjá sjóðum. Spurði hvernig samkeppnisyfirvöld tækju á því ef bankar sameinuðust.

Lárus: Lagði áherslu á aukna verðbréfaútgáfu ríkissjóðs.

Sigurjón: Tvíþættar aðgerðir. Það sem hægt er að gera á skömmum tíma og svo langtímavandi sem er erfiðari viðfangs og fer ekki frá okkur sem er stærð bankakerfisins. Lagði áherslu á samstarf við erlenda seðlabanka.

Fylgiskj. 3

**Þingflokksfundur 11. febrúar 2008 – úr fundargerð**

**Efnahags- og kjaramál**

ISG: Ríkisstjórnin mun koma með útspil vegna stöðunnar í efnahagsmálum í vikunni. Staðan á fjármálamörkuðum er alvarleg vegna ástandsins á alþjóðlegum mörkuðum og skuldsetningar íslensku bankanna. Við þurfum að senda út þau skilaboð að við getum ráðið við vandann. Bankarnir munu standa af sér a.m.k. næstu 9 mánuði en spurningin er hvað ríkið getur gert hafi markaðir ekki opnast þá. Því þarf að svara.
Moody´s mat stöðu ríkisins neikvæða og lausnir á því gætu verið aukið aðhald og að Íbúðalánasjóður starfi í samræmi við stefnu Seðlabankans. Nýtt mat er væntanlegt þar sem lánshæfismat ríkis og banka lækkar enn frekar.
Samtök fjármálafyrirtækja hafa sent ISG og GHH tillögur – eins konar bænaskjal.

Jón Þór Sturluson aðstoðarmaður viðskiptaráðherra og Bolli Þór Bollason ráðuneytisstjóri voru settir í að skoða lausnir og hugmyndir þeirra eru t.d.:
- draga til baka reglugerð fjármálaráðherra um gjaldeyri og Seðlabanka – gæti verið sterkur leikur
- fjármögnun og skráning hlutafjár í erlendri mynt auðvelduð
-styrkja Tryggingasjóð innistæðueigenda
-auka gjaldeyrisforða með lántöku (ekki hagstætt núna – gert síðar er aðstæður batna)
- ríkið fari með bönkunum í kynningu erlendis á íslenskri fjármálastarfsemi

**Þingflokksfundur 18. febrúar 2008 – úr fundargerð**

**Staðan á lausafjarmörkuðum**

ISG: Stöðuna á fjármálamörkuðum þarf að taka alvarlega og menn þurfa að passa sig á að tala ekki óvarlega því slíkt tal getur verið skaðlegt berist það út. Aðilar á markaði vilja helst ekki að talað sé hátt um þessi mál. Það þarf að styrkja gjaldeyrisforða og lausafjárstöðu en hagstæðara að gera það án þess að mikið beri á. Það er líka mikilvægt að kynna styrkleikana, sterka stöðu ríkissjóðs og góða eiginfjárstöðu bankanna án þess þó að gera of mikið úr því.

<u>Þingflokksfundur</u> mánudaginn 11. febrúar 2008 - kl. 13:30

Mættir: ÁRJ, GuðbH, ISG, ÞSv, EBS, EMS, BjörgvS, KaJúl, GSv, LB, SVÓ, ÖS, HHj, JóhS,
ÁÓÁ + KVM (komu til fundar kl. 14:30)

Fjarverandi: ÁPÁ, KLM

<u>Þinghaldið</u>:

## Efnahags- og kjaramál:

ISG: Ríkisstjórnin mun koma með útspil vegna stöðunnar í efnahagsmálum í vikunni. Staðan á fjármálamörkuðum er alvarleg vegna ástandsins á alþjóðlegum mörkuðum og skuldsetningar íslensku bankanna. Við þurfum að senda út þau skilaboð að við getum ráðið við vandann. Bankarnir munu standa af sér a.m.k. næstu 9 mánuði en spurningin er hvað ríkið getur gert hafi markaðir ekki opnast þá. Því þarf að svara. Moody's mat stöðu ríkisins neikvæða og lausnir á því hafi verið aukið aðhald og að Íbúðalánasjóður starfi í samræmi við stefnu Seðlabankans. Nýtt mat er væntanlegt þar sem lánshæfismat ríkis og banka lækkar enn frekar. Samtök fjármálafyrirtækja hafa sent ISG og GHH tillögur - eins konar bónaskjal.

Jón Þór Sturluson og Bolli Þór Bollason voru settir í að skoða lausnir og hugmyndir þeirra eru t.d.:

- draga til baka reglugerð fjmrh. um gjaldeyri og Seðlabanka - gæti verið sterkur leikur
- fjármögnun og skráning í erlendri mynt auðvelduð
- styrkja Tryggingasjóð innistæðueigenda
- auka gjaldeyrisvarasjóð með lántöku (ekki hagstætt núna - gert síðar er aðstæður batna)
- ríkið fari með bönkunum í kynningu erlendis á íslenskri fjármálastarfsemi

Tillögur SA um aðgerðir í tengslum við yfirvofandi kjarasamninga:

- stofna áfallatryggingasjóð
- laun opinberra starfsmanna verði í takt við stefnu þeirra
- stóriðja víða
- lækkun matvælaverðs
- lækka tekjuskatt fyrirtækja
- innleiða vinnustaðaskilríki

Verkalýðshreyfingin hefur ekki skilað tillögum en líklegt að í þeim felist:

- skattalækkun fyrir þá lægst launuðu
- vaxta- og barnabætur
- gjaldfrjáls námskeið og endurmenntun

LB: Fagnar því að GHH og ISG ætli að stíga fram með aðgerðir. Óskir um álversáform munu standa í Samfylkingunni og því þarf þingflokkurinn að fara í þá umræðu.

BGS: Förum við að tillögum Jóns Þórs og Bolla væri það mjög sterkt gagnvart bönkunum. Mikilvægt að fara fram á morgun sem svar við mati Moody's og til að aðgerðirnar drukkni ekki í umræðu um Viðskiptaþing.

Þingflokksfundur mánudaginn 18. febrúar 2008 - kl. 9:30
- haldinn á Hótel KEA, Akureyri

Mættir: ÁPÁ, BjörgvS, EMS, ERS, GuðbH, GSv, HHj, ISG, JóhS, KVM, KaJúl, KLM, LB, SVÓ,
ÖS, ÁRJ (kom til fundar kl. 11:45), ÞSvÞ (kom til fundar kl. 12:00), SkúliH

Fjarverandi: ÁÓÁ

ÁPÁ: Mannréttindanefndin er ráðgefandi, hún er ekki jafngild Mannréttindadómstól Evrópu. Útfærslan sem hér er rædd gengur ekki upp, það er ekki hægt að taka vinnuna af fólki og rétta þeim peninga í staðinn. Niðurstaðan verður sú að stórfyrirtækin kaupa allan aflann og það væri afar slæmt fyrir Samfylkinguna. Löndunarskylda gæti leyst vandann. Núverandi kvótakerfi gerir aðild að ESB erfiða.

ISG: Samfylkingin ætlar að vera lausnamiðaður flokkur. Við erum ekki endilega að fara í risaframkvæmdir eins og álver og olíuhreinsistöðvar, það er verið að koma með litla hluti sem vinna saman og styrkja byggð. Fyrningarleiðin aflaði okkur ekki fylgis úti á landi á sínum tíma en tíminn vinnur með okkur. Við verðum að horfast í augu við að störfum fjölgar ekki í veiðum og vinnslu og því þarf að skapa önnur störf. Peningarnir sem koma í stað kvótans eiga að fara í það.

EMS: Það er liðin tíð að sjávarútvegur sé eina lausn byggðanna. Má ekki gleyma að kerfið hefur haft margt gott í för með sér, t.d. góð áhrif á efnahagskerfið. Varðandi álitið megum við hvorki taka málið í fangið né láta það afskiptalaust. Verður að taka á byggðakvótasukkinu.

KLM: Auðveldara að styðja við þau störf sem fyrir eru en að búa sífellt til ný. Efast um að byggðakvótahugmyndin dugi til að bregðast við áliti Mannréttindanefndarinnar. Töpuðum kosningunum 2003 á fyrningarleiðinni og förum því varlega.

KaJúl: Ánægð með að verið sé að taka á byggðamálunum en óttast að Samfylkingin sé að taka Mannréttindanefndarmálið í fangið. Við megum ekki beina kastljósinu að okkur og af þeim sem bjuggu kerfið til.

EBS: Mannréttindanefndin er búin að lýsa því yfir að kerfið brjóti gegn mannréttindum. Við því megum við og eigum að bregðast og leiðrétta.

LB: Góð umræða. Grundvallarspurningin er hvort við eigum að koma með lausnir eða þegja. Ljóst að stíga þarf varlega til jarðar í þessum málum.

Hlé milli kl. 13 og 14

Efnahags- og kjaramál:

ISG: Háir vextir eru að valda mörgum fyrirtækjum erfiðleikum og jafnvel ganga að sumum dauðum, sérstaklega sjávarútvegsfyrirtækjum. Það þarf að lækka vexti á þessu ári og spýta svo inn frekar í á árinu 2009, yfirlýsing ríkisstjórnarinnar miðar að því. Kjarasamningarnir eru merkilegir og standa jafnfætis þjóðarsátt í ljósi sögunnar. Þetta eru góðir samningar fyrir launþega (öllum tryggð a.m.k. 5,5% hækkun) en geta verið erfiðir fyrir suma atvinnurekendur. Þó eru sumir hópar, t.d. iðnaðarmenn, sem fá lítið í þessum samningum og því þarf að tryggja að skattaaðgerðir séu almenns eðlis og skili þeim sem minnst fá út úr samningunum sem mestu.

ISG: Aðgerðirnar felast í:
- hækkun persónuafsláttar um 7000 á þremur árum (kostar 14 ma.)
- hækkun skerðingarmarka barnabóta (kostar 1,9 ma.)
- ríkisstjórnin beiti sér fyrir lækkun vöruverðs (á eftir að útfæra)
- tekjuskattur fyrirtækja lækkar úr 18% í 15% (kostar 5 ma.)
- stefnumótun í húsnæðismálum
- sérstakar húsaleigubætur hækkaðar sem og almennar
- fjölgun leiguíbúða með rýmri viðheimildum
- skerðingarmörk vaxtabóta hækka um 35% (nýtist þeim sem misst hafa bætur vegna hækkaðs fasteignaverðs)
- niðurfelling stimpilgjalda við kaup á 1. eign
- atvinnuleysisbætur hækka jafnmikið og lægstu laun
- bætur almannatrygginga hækka í samræmi við laun
- uppbygging áfallatrygginga (fyrir þá sem eru í endurhæfingu)
- hlutfall ómenntaðra fari úr 35% vinnuafls í 10%
- reglur LÍN endurskoðaðar til að auðvelda þeim sem hafa verið á vinnumarkaði aðgang
- starfsmenn íslenskra fyrirtækja erlendis haldi velferðarréttindum

Afar ánægð með yfirlýsinguna. Í henni er komið til móts við margt sem var í stjórnarsáttmálanum – efndir hans þar með komnar yfir 70%. Þessi sátt verður að haldast í samningum við opinbera starfsmenn.

LB: Óskar eftir að ISG fari yfir lausafjárkrísuna.

ISG: Stöðuna á lausafjármörkuðum þarf að taka alvarlega og menn þurfa að passa sig á að tala ekki óvarlega því slíkt tal getur verið skaðlegt berist það út. Aðilar á markaði vilja ekki að talað sé hátt um þessi mál. Það þarf að styrkja gjaldeyrisforða og lausafjárstöðu en hagstæðara að gera það án þess að mikið beri á. Það er líka mikilvægt að kynna styrkleikana, sterka stöðu ríkissjóðs og góða eiginfjárstöðu bankanna, án þess þó að gera of mikið úr því.

Jóhs: Aðgerðir ríkisstjórnarinnar koma lág- og meðaltekjufólki best. Barnabæturnar afar mikilvægar – reikna þarf út hversu margir fá óskertar barnabætur nú og svo eftir breytingar. Hefði frekar kosið að fara í afnám stimpilgjalda en lækkun fyrirtækjaskatts. Svo þarf að hækka lánshlutfall þeirra sem kaupa 1. íbúð og miða við kaupverð í stað brunabótamats. Húsaleigubætur hafa lengi staðið í stað og mikilvægt að þær hækki. Farið verður yfir bætur almannatrygginga og þær miðaðar við lágmarksframfærslu. Bætur þeirra sem engar aðrar tekjur hafa verða ábekkar lægstu launum. Hefur efasemdir um áfallatryggingasjóð. Getum stolt fylgt þessu eftir.

Fylgiskj. 4

**Fundur með Geir 18. eða 19. apríl.**

Óskaði eftir þessum fundi í kjölfar aðalfundar Samtaka atvinnulífsins.

Lýsti vonbrigðum með ræðuna á fundinum því þar hefði hann lokað öllum glufum varðandi ESB. Það væri ekkert í stjórnarsáttmálanum þess efnis.

1) Ræddi efnahagsmálin og mikilvægi þess að það væri annars vegar hugað að björgunaraðgerðum og hins vegar framtíðarsýn.

2) Talaði um krísunefndina á vegum forsætisráðuneytis og mikilvægi þess að fá tillögur frá henni.

3) Úttekt á peningastefnunni. Þyrfti að ákveða hver ætti að gera það.

4) Ræddi núning milli flokka.

5) Eftirlaunamálið.

6) 25 þús. kallinn til eftirlaunaþega.

7) Heilbrigðismálin og verkaskipting ráðuneyta.

8) Samráðsnefndin við aðila vinnumarkaðarins. Mikilvægt að formalisera samstarfið.

9) Mál Björns Bjarnasonar. Uppsögn öryggisgæslu 30. apríl í stað 31. des.

10) Mannréttindanefnd SÞ, álitið og framhald þess máls.

Fundur með Geir 18. apríl.

✓ ① Vandræði með röddina hjá SA - lokaði öllum glufum. Ekkert í stjórnarsáttmála þess efnis. → Móta auðlindastefnið. Breiðan frama.

✓ ② Efnahagsmálin - björgunaraðgerðir og framtíðarsýn.

✓ ③ Mál Björns Bjarnasonar. Ath. uppsögn öryggisgæslu 30. apríl í stað 31. des.

④ Núningur milli flokka.

✓ ⑤ Eftirlaunamálið

✓ ⑥ 25 þús. kallinn til ~~ef~~ ellilífeyrisþega.

✓ ⑦ Mannréttindanefnd SÞ → álitið og framhald þess máls.

⑧ Kærunefnd á vegum forsætisráðuneytis → tillögur.

⑨ Heilbrigðismálin.

✓ ⑩ Samráðsnefndin → formalisera samstarfið.

✓ ⑪ Úttekt á peningastefnunni. Ákveða hvenær eigi að gera það.

Ath Kadeco 23. apríl.

Mánudagur kl. 10⁰⁰ ASÍ.

Krónprins Dana 5. maí.

GEIR 18...

Fylgiskj. 5

Fundur með Geir 8. júlí 2008.

- Hjúkrunarrými
- Framfærsluviðmið aldraðra
- Virkjanir/umhverfismál – fundur með ráðherrum.
- Ráðherranefnd um aðgerðir til að draga úr notkun á bensín/olíu og hvetja til sparnaðar í orku.
- Nefnd um aðgerðir í efnahagsmálum – vísra manna nefnd. Greining á stöðu + aðgerðir til lengri og skemmri tíma.
- Fundur mðe ráðgjöfum um endurskipulaningu í heilbrigðisþjónustu – kostnaðargreining.
- Grænland/Vestfirðir.
- Fjárlagavinna – framhald.
- Samráð í varnar- og öryggismálum.
- Eftirlaunamálið. Þurfum að hittast í byrjun ágúst út af því og varnarmálunum.
- Nefnd um endurskoðun fiskveiðistjórnunarkerfis. Geir ræðir við EKG.
- Heimsókn Moussa 18.-19. sept. og forseta Uganda 17. sept.

Ath. Varnarmálin fyrir fund með formönnunum.

~~Össurar: Löggjöf um greiðsluaðlögun undirbúin. Útgáfa skulda skuldabréfa (álvers), sömuleiðis hlutum á fati + að afnema brunabótamats-viðmiðun. Nýju lánaflokkar → eldri búin að átta sig á því. Ráð til bankanna → hef afsannað. Þarf strangari reglur um starfsemi bankanna á að aðskilja viðskipta- og fjárfestingabanka. Af hverju bankana sem milliliði.~~

~~Hannes: Skynsamlegar tillögur eftir aðgang að lausafé og lánum.~~

Fundur með Geir 8. júlí.

Minnisatriði:

+ Hjúkrunarrými.

− Framfærsluviðmið aldraðra.

+ Virkjanir / umhverfismál → fundur með ráðherrum.

+ Ráðherranefnd um aðgerðir til að draga úr notkun á bensín / olíu og hvetja til sparnaðar í orku.

+ Nefnd um aðgerðir í efnahagsmálum → vitra manna nefnd. Greining á stöðu + aðgerðir til lengri og skemmri tíma.

+ Fundur með ráðgjöfum um endurskipulagningu í heilbrigðisþjónustu → kostnaðargreining.

+ Grænland / Vestfirðir.

− Fjárlagavinna − framhald.

+ Samráð í varnar- og öryggismálum.
+ Eftirlaunamálið.

} Hittast í byrjun ágúst.

+ Nefnd um endurskoðun fiskveiðistjórnunarkerfis. Gera ráð við EKG.

– Heimsókn Moussa 18.-19. sept. og forseta Uganda 17. sept.

Ath. Varnarmálin fyrir fund með formönnum.

Til minnis.

+ Halldór Halldórsson → framhald v/Grænlands. Halldór vinnur skilgreiningu.

– Heilbrigðisnefnd → fundur með Möggu og Val Ingimundar.

+ Selja niður viðskiptum.

– Skipulagsmál.

– Ræða á Íslendingadegi.

+ Þórlindur – fundur.

+ Ársfjórðungsskýrslu → Pósthúsinu – fundur.

– Ath. Margot Wallström eða Poul Nyrup á flokksstjórnarfund.

– Hinsegin dagar 9. ágúst – ræða og blaðagrein.

– Fundur með Sighvati um Evrópumálin o. fl.

– Böðvar Guðmundsson +4529142203.

Fyrirgjöf. (6)

15. júlí 2008

# Efnahagsstefna á krossgötum

Að mörgu leyti eru aðstæður í íslensku efnahagslífi sérstakar um þessar mundir. Leggjast þar á eitt neikvæðar horfur í innra og ytra efnahagsumhverfi. Enn er við að glíma eftirköstin af uppgangi þensluáranna 2003 til 2007, sem einkenndist af mikilli skuldasöfnun og innflutningi vinnuafls. Nú er ljóst að verðbólur mynduðust á flestum eignaverðsmörkuðum, einkum hlutabréfa- og fasteignamarkaði. Einnig var gengi krónunnar afar hátt skráð í sögulegu samhengi. Allar þessar bólur hafa sprungið og hjaðnað verulega síðastliðið ár.

Eftir stendur mjög há verðbólga og gríðarlega hátt vaxtastig sem reynir verulega á þolmörk fyrirtækja sem mörg hver búa við bága eiginfjárstöðu og heimila. Enn virðist langt í land í baráttunni við verðbólguna og áætlar Seðlabanki Íslands að vaxtalækkunarferli hefjist ekki fyrr en um mitt næsta árs og að vextir muni haldast háir fram á þarnæsta ár (2010).

Á sama tíma má glögg greina vísbendingar um hraðan viðsnúning í efnahagshorfum og engum eða jafnvel neikvæður hagvexti er spáð næstu tvö ár. Mestum samdrætti er spáð í fjárfestingu og einkaneyslu, en aukning útflutningstekna og minnkandi innflutningur dregur eitthvað úr áhrifunum.

Ljóst má vera að það fyrirkomulag sem nú er við líði í hagstjórn hefur ekki megnað að lægja öldur í efnahagslegu tilliti.

## Dökkar horfur

Dökkar efnahagshorfur stafa ekki síst af neikvæðum ytri aðstæðum. Annars vegar þeirri víðtæku lausafjárþurrð og áhættufælni fjárfesta um allan heim og hins vegar hækkun verðs á nokkrum helstu hrávörumörkuðum. Saman leggjast þessir þættir þungt á efnahag margra ríkja og munu án efa draga úr hagvexti víða um heim með tilheyrandi áhrifum hér á landi.

Horfur fyrir fjármálageirann eru sérstaklega tvísýnar. Áðurnefndir ytri þættir, mikil skuldsetning íslenskra fyrirtækja og óvissa um aðgang íslenskra banka að lánveitanda til

þrautarvara í erlendri mynt hefur leitt til þess að mjög hefur dregið úr trausti á íslenska fjármálakerfið, sem meðal annars lýsir sér í háu skuldatryggingarálagi.

## Sérstakar aðstæður kalla á sérstakar úrlausnir

Af þessum sökum er hagstjórn næstu missera og ára sérstaklega vandasöm og krefst meiri yfirlegu en öllu jafna, enda í mörgum tilvikum um stórar og erfiðar ákvarðanir að ræða sem munu hafa áhrif til framtíðar. Af mikilvægum álitaefnum má nefna aðgerðir til að efla samkeppnishæfni til lengri og skemmri tíma, aðgerðir til að styrkja umhverfi fjármálastofnanna svo sem er varðar lausafé, leiðir til að draga úr skuldsetningu innlendra aðila og framtíðarfyrirkomulag í hagstjórn.

Á sviði hagstjórnar er víða pottur brotinn og brýnt að taka margendurtekna gagnrýni erlendra greiningaraðila og alþjóðastofnanna alvarlega. Svo sem, um skort á samræmingu á milli fjármála- og peningamálastefnu og samhæfingu hagstjórnar almennt, vantraust gagnvart seðlabankans (verðskuldað eður ei) og útgjaldaþenslu í fjármálum hins opinbera.

Framtíðarfyrirkomulag í gengismálum er án efa mikilvægasta úrlausnarefnið um þessar mundir. Mikil vaxtamunur er viðvarandi á milli Íslands og stærri myntsvæði og verðbólguvæntingar eru viðvarandi háar hér. Þetta endurspeglar skýrt þá vantrú sem ríkir á krónunni í alþjóðlegum viðskiptum. Umfjöllun um framtíðarmynt er þó ekki hægt að taka úr samhengi við efnahagsmál almennt horfur um fjármálastöðugleika.

Til að leggja heildstæð drög að efnahagsaðgerðum og skipulagsbreytingum á sviði efnahagsmála er lagt er til að settur verði á fót fámennur hópur reyndra sérfræðinga, sem móti tillögur að úrbótum í kyrrþey og leggi síðan tillögur sínar fyrir ríkisstjórnina innan skamms tíma. Við úrvinnslu tillagnanna verði haft náið samráð við aðila vinnumarkaðir og fleiri eftir atvikum.

Fylgiskj. (7)

# Fundur í bakráði Samfylkingar
17. apríl 2008.

Jón Sig.

- Alm. það sem Moodys bað um að gert yrði. Af hverju er það ekki gert? Verðum að mæta andrúmsloftinu – allt á [illegible]. Ef þetta væri gert og um leið tilkynnt um EMU væri það besta aðferðin.
- Vegvísir skv. BB.
- EES byggðist á sinnaskiptum eins manns í Sj.fl. eftir kosn. '91. Verðum að gerast minna.
- Ríkissjóður tekur lán og byggir fyrir það en getur ávaxtað það.
- Talið á málum á breiðum fronti.

Edda Rós.

- Teljum ríkissj. minnka um 5% á næstu 3 árum. Seðlab. hallinn -8%.
- Mogginn. Ríkisfjármál að hrynja. Markmiðið að fella Geir!
- Setja í gang vinnu um Seðlabankann – útdekk. Alm. peningastefnunefnd. Breska fyrirmyndin.
- Tilkynna um alvöru vinnu við að skoða húsnæðisfjármögnun í landinu. Heildsölubanki.

Sigr. Ingibj.

- Mikilvægt að standa á bakvið SÍ þó að maður sé sammála Gylfa Magnússyni.

Jón

- Lífeyrissj. kaupi skuldabréf bankanna í ísl. mynt. Hugm. að lífeyrissj. leggi inn erlendar ~~[illegible]~~ hlutabréfin sín inn í vörslureikning í öruggum bönkum, fá reiðufé á móti og nota það til að gera swap-

við ísl. banka. Eins og lánalínum.

Ath. selja fyrirvara við að þetta sé gert með ísl. bréfum.

Jón: Hvað þýðir það að við bökkum bankakerfið upp?

Seðlabankinn á að spyrja hvað á að gera til að opna swap-línur – kalla á bankana.

Bankarnir mega ekki auka útlán sín – ekki nota fyrirgreiðsluna í að skakka.

Má ekki hleypa verðbólgunni í gegn – komumst ekki inn í ESB ef það gerist.

Ath. Skilaboð til heimilanna í landinu. 10% launahækkun í apríl.
Mikilvægast að halda aftur af verðbólgunni.
DO og aðrir bankastjórar

tala aldrei við almenning, ná ekki fólki.)

Til minnis v/samtals við Geir.

- Eftirlaunafrumvarp + nefnd.
- SÞ viðvera 17. okt.
- Spítalabyggingaskrifstofan (Sella)

Ath. 19. maí.

- Varnarmálaskrifstofan
- Opinberir háskólar (EMS/Gulli)
- Fjárlagatillögur Samf.
- Condi Rice.

„Hagráð"

18. júní – fundur um efnahagsmál.

Mætt: Jón Sig., Hörður Arnarson, Edda Rós, Jón Þór, Skúli.

Hörður: 2002 - 2007 átti sér stað veruleg styrking krónunnar vegna innflæðis erlends fjármagns, eftirspurnar eftir krónubréfum og vaxtamunarviðskipta. Háir vextir innanlands og aðgangur að ódýru erlendu fjármagni hélt þessu m.a. uppi. Í rauninni var verið að safna upp verðbólgu sem hlaut að bresta á þegar gengi krónunnar myndi lækka. Núna verið að taka út uppsafnaða verðbólgu.
Þegar lokaðist á erlent fjármagn sem þarkaðna varð skriðbreyting og vextir hækkuðu í einu vetfangi um 10 - 15 %. Stýrivextir sé undir rísandi og hættu að bíta verulega. Þeir vextir sem nú bjóðast eru 20 - 25 % sem þýðir í raun að verið er að senda skilaboð um að allir eigi að stöðva fjárfestingar.

Rekstur atvinnufyrirtækja verður núna að fjármagna sig á ~~…~~ innlendum lánum en getur ekki lifað við þau kjör sem bjóðast. Geta haft alvarlegar afleiðingar í haust.

Möguleika að ráðast í sérstakar aðgerðir til að halda uppi atvinnustigi þegar almennar aðgerðir miða að því að stoppa allt.

Edda Rós: Ólíklegt að vextir lækki meðan verðbólga er í tveggja stafa tölu og gengið að lækka. Ekki í samræmi við fræðin. Einn leið í harkalegri lendingu.
Gagnrýndi að SÍ hafi ekki gefið út ný skuldabréf.
Í síðustu viku voru 45 ma kr. á gjalddaga en ekkert kom í staðinn af því menn voru í fríi.

Sagði áherslu á erlenda lántöku ríkissjóðs. Sagði að þetta væri líka magnvandamál. Bankarnir yrðu að koma inn í landið.

Jón Sig: Ástæða til að hafa verulegar áhyggjur af vinnumarkaðnum þegar kaupmáttur rýrnar verulega þrátt fyrir kjarasamninga sem áttu að tryggja hann. Verða lausir eftir áramót og þá mun verkalýðshreyf. reyna að sækja kaupmáttinn. Má þá búast við talsverðu atvinnuleysi þegar þangað verður komið.

Hörður spáir áframhaldandi lækkun krónunnar sem þýðir aukin verðbólga og áframhaldandi háir vextir sem keyra atvinnulíf í þrot. Framleiðslugeta mun því skerðast verulega á næstunni ef fram heldur sem horfir. Mikil kólnun framundan.

Spurði: Eru vextirnir að styðja við krónuna? Eru krónubréf að styðja hana. Svarið er nei, hvorugt.

Vill framvirkar aðgerðir sem

Taka mið af lækkuninni framundan. Svartími vaxta er 12-18 mán. og þ.a.l. megi hefja vaxtalækkunarferlið samhliða auknum gjaldeyrisforða. Vextir á markaði þyrftu að fara í 10-12%.

Fundur í Samráði ríkisstj., verkalýðshreyf. og atvinnulífs.
19. júní 2008

Grétar: Verðum að fá ástand á vinnumarkaði þegar kemur fram á haustið. Mikilvægt að gott samráð verði haft um aðgerðir.

Ögmundur: Talaði um stöðuna og mikilvægi þess að slá ekki slöku við í félagslegum framkvæmdum.

Svandís: Sveitarfélögin eigi aðild að ákvörðunum sem annar aðili að kerfinu sem hið opinbera. Spurði um atvinnutillögum í þágu kvenna. Almenningssamgöngur.

Ingibjörg: Viðhaldsaðgerðir v/ kvótaniðurskurðar koma ekki suðvesturhorninu til góða.

Grétar: Líst vel á tillögur í húsnæðismálum eins og það er kynnt. Leggur áherslu á frumvarp um greiðsluaðlögun.

Fylgiskj. (8)

**Umfjöllun um íslenska fjármálageirann – hlutverk utanríkisþjónustunnar (drög)**
*- föstudaginn 22. febrúar 2008 -*

08.30 Ávarp Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, utanríkisráðherra
*Allir á árarnar*

08.45 Þorsteinn Þorgeirsson, skrifstofustjóri í fjármálaráðuneytinu
*Íslenskt efnahagslíf – staða og horfur*

09.15 Guðjón Rúnarsson, framkvæmdastjóri samtaka fjármálafyrirtækja (SFF)
*Íslenski fjármálageirinn – styrkleikar/veikleikar*

09.45 Jónas Fr. Jónsson, forstjóri Fjármálaeftirlitsins
*Staða íslenskra fjármálafyrirtækja – starfssvið FME*

10.15 Kaffihlé

10.30 Björn Richard Johansen, forstöðumaður kynningarmála Glitnis
*Greining á erlendri umfjöllun – hvernig á að bregðast við?*

11.00 Bolli Bollason, ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytisins
*Hlutverk forsætisráðuneytisins*

11.15 Martin Eyjólfsson, sviðsstjóri viðskiptasviðs utanríkisráðuneytisins
*Aðkoma utanríkisráðuneytisins – skipulag og samráð*

11.30 Hringborðsumræður
*Næstu skref - Hvað má læra af fyrri reynslu ("mini crisis 2006")*

Halla Tómasdóttir, Auður Capital
Pétur Óskarsson, Exista
Jónas Sigurgeirsson, Kaupþing
Tinna Molphy, Landsbankinn
Urður Gunnarsdóttir, fjölmiðlafulltrúi utanríkisráðuneytsisins
Þórður Friðjónsson, Kauphöllin

12.30 Hádegisverður

13.30 Vinnufundur – innri fundur utanríkisráðuneytisins (með gestum)
*Greining umfjöllunar í umdæmisríkjum*
*Hlutverk ráðuneytisins*
*Hlutverk sendiráða*
*Verkfærakassi ("Toolbox")*
*Tillögur að vinnuskipulagi*

*Grétar Már Sigurðsson, ráðuneytsstjóri, stýrir umræðum*

16.00 Lok sendiherrastefnu

Fylgiskj. 9

Fundur með Geir 14. sept.

- Björn Bjarnason – ummæli
- Eftirlaunamálið
- Efnahagsmál/gengismál/vinnumarkaðsmál. Ræddum málin út frá minnisbl. frá Tryggva Þór dags. 14. sept.
- Landsvirkjun
- Ímyndarmálin
- Sjúkratryggingastofnun

GEIR
14 SEPT

Aðalfundur kjördæmisráðs í
Norðausturkjördæmi 13. sept.

- Stóri flokkurinn.
  Jafnaðarstefnan kjölfestan →
  boðum lausnir eftir því,
  þola mismunandi sjónarmið
- Félagslegar aðgerðir.
- Byggðaaðgerðir → byggða
  stefna (12 mia kr.)
- Efnahagsmálin
- Evrópumálin / Stóriðja.
- Kjaramálin ↔ Konur / ASÍ

- Samstarfið í ríkisstjórn.

Alm. Grunngildi
Staðfesta - innihald - samvinna.

Fundur með Geir 14. sept.

- Björn Bjarnason - ummæli.
+ Eftirlaunamálið.
+ Efnahagsmál / gengismál /
  vinnumarkaðsmál. Ræddum
  málin út frá minnisbl. frá Tryggva
  Þór dags. 14. sept.
- Landsvirkjun.
- Innflytjendamálin.
- Spítalabyggingarlögin.

Mat á fundi með stjórn Seðlabankans
7. feb. 2008.

~~fjármála- og efnahagslegt.
Þá gæti ríkið og Seðlabankinn
hugsanlega verið tengdur og
Glitnir á kaupi og þyrfti ekki
að hafa áhyggjur af Kaup-
þing.~~

~~Líklegt fjármálaeftirlitum
hvernig við bankana sem verið
að lenda í vegg. Ísl. bankar
í fremstu röð og verða
fyrstir fyrir höggum og
lenda illa. Þegar og ef til
aðgerða kemur og lánamark-
aðir opnast aftur eftir
12 mán eða síðar þá opnast
þeir síðast gagnvart ísl.
bönkunum þar sem mikil-
vægi þeirra er svo lítið.
Þarf að vera hægt að veija
ísl. bankakerfi þar til
markaðir opnast og opnum
aldrei verið alla bankana
þrjá en hugsanlega tvo.
Hugsanlega geta
bankarnir selt einhverjar
eignir og Landsb. og Glitnir
sameinast.~~

Greinilegt að seðlabankastjóra

(DO) er ósáttur um að Kaupþing
kallaðist eða fari úr landi.
Dregur upp mjög dökka mynd
af framvindarhorfum á mark-
aðnum og vill nota þá mynd
til að réttlæta aðgerðir gegn
bankanum.

Gagnrýni á Kaupþing og Glitni
óbeinandi en deilir á Landsbankann.

Engar tillögur eða ábendingar
komu fram um það sem
ríkisstjórnin ætti að gera í
málefnum bankanna.

Fundurinn einkenndist
af því að þetta væri eins-
manns ákvörðun.

Fylgiskjal (10)

FUNDIR DO FEB